MAGNÚS INGI HELGASON

*Æfir tvisvar á dag alla daga nema sunnudaga*

• heilsa

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS




DORRIT MOUSSAIEFF

*Forsetahjónin deila í miðju tímaritsviðtali*

Hjónabandsráðgjafi hefur engar áhyggjur

FÓLK 26



**Láttu okkur snúast í kringum þig!**

A4 bréfsefni, 1.000 stk. 28.500,- + vsk

Umslög M65 1.000 stk. 39.000,- + vsk.

Nafnspjöld 250 stk. 11.500,- + vsk.

www.isafold.is

Sími 595 0300

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. febrúar 2009 — 36. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Fékk Grammy



Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikari og Pacifica-kvartettinn hlutu hin eftirsóttu Grammy-verðlaun.

FÓLK 20

### Átti ekki von á þessu



Óðinn Gunnarsson járnsmíðameistari er iðnaðarmaður ársins 2008.

TÍMAMÓT 16

### Afglöp seðlabankastjóra

„Verstu afglöp Davíðs í embætti seðlabankastjóra eru ef til vill þau að víkja ekki þegar allt er í óefni komið“, skrifar Sigurður Einarsson.

Í DAG 14

### Ótrúlegur bati Sigfúsar



Sigfús Sigurðsson var sagt að hann ætti 5 prósenta líkur á að geta skokkað aftur. Hann er kominn á fulla ferð.

ÍÞRÓTTIR 22

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART Í BORGINNI** Í dag verður yfirleitt fremur hæg norðaustlæg átt. Stöku él norðan og austan til, annars yfirleitt bjart veður. Frost 3-15 stig, kaldast til landsins en mildast syðst.

VEÐUR 4

# Jón vill Skífuna aftur

**Athafnamaðurinn Jón Ólafsson, stofnandi Skífunnar, og William Morris Agency, stærsta umboðsskrifstofa heims, eru á meðal tilboðsgjafa í afþreyingarfyrirtækið Senu. Miklir möguleikar hér á landi, segja fulltrúar William Morris.**

**VIÐSKIPTI** „Mér sýnist að nú sé að skapast tækifæri á Íslandi og ég vil gera mitt til að taka þátt í uppbyggingunni hér,“ segir athafnamaðurinn Jón Ólafsson. Hann á eitt fjögurra tilboða í afþreyingarfyrirtækið Senu sem hann lagði fram í félagi við William Morris Agency, elsta og umsvifamesta umboðsfyrirtæki í heimi.

Tilboð voru opnuð í Senu í gær en Straumur sá um söluferlið fyrir fyrirtækjasvið Landsbankans.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru tilboðsgjafarnir bíókóngurinn Árni Samúelsson, stofnandi SAM-bíóanna, Jón Diðrik Jónsson, fyrrverandi aðstoðarforstjóri Glitnis og fyrrverandi stjórnarmaður í REI, hugsanlega ásamt Bjarna Ármannssyni, fjárfesti og fyrrverandi forstjóra bankans, og Þóroddur Stefánsson, kenndur við Vídeóhöllina og Bónusvídeó, auk Jóns og William Morris Agency.

Engar tölur liggja uppi á borðinu en tilboðin munu vera jafn misjöfn og þau eru mörg. Þau verða skoðuð nánar á næstu dögum en búist er við að niðurstaða liggi fyrir fljótlega, segir Björn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Senu.

„Við erum ótrúlega stoltir af því að jafn stór aðili og William Morris Agency, bakbeinið í Hollywood, sé á meðal tilboðsgjafa og sýni félaginu áhuga,“ segir Björn aðspurður um tilboðin. Hann gat ekki tjáð sig frekar um málið.

Innan Senu er Skífan, sem Jón Ólafsson stofnaði fyrir um þrjátíu árum, ásamt helmingi kvikmyndahúsa í Reykjavík, umsvifamestu umboðssölu á afþreyingarefni hér á landi og dreifingarfyrirtækinu tonlist.is. Jón Ásgeir Jóhannesson, þá forstjóri Baugs, keypti Skífuna af Jóni ásamt öllum eigum hans hér árið 2003.

Hjá William Morris Agency starfa 850 manns en á mála hennar eru um þrjú þúsund listamenn, þar á meðal flestar þekktustu stjörnur heims á sviði kvikmynda, sviðslista og bókmennta. Þar á meðal eru Björk, leikarinn og leikstjórinn Quentin Tarantino, Forest Whitaker og margir fleiri. Þá er fyrirtækið umboðsaðili Latabæjar vestanhafs.

„Hér eru miklir möguleikar, bæði fyrir okkur og Íslendinga,“ segir Mike Simpson, annar tveggja framkvæmdastjóra kvikmyndaframleiðslu William Morris Agency, en hann hefur þekkt Jón um árabil. Hann bætir við að auðveldlega megi tvöfalda tekjur Senu á næstu tveimur til þremur árum.

Á meðal þess sem fyrirtækið horfir til hér er framleiðsla á kvikmyndum og leiknu sjónrænu efni, bæði fyrir hvíta tjaldið og sjónvarp. Á móti opnist sömuleiðis gluggi fyrir Íslendinga til útflutnings á hugviti sínu og verkum en fyrirtækið býr yfir gríðarlegu dreifingarneti um heim allan. **- jab**



**SIGURGANGAN Á ENDA** Jón Arnór Stefánsson og félagar í KR urðu að sætta sig við tap í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Iceland Express-deild karla:

## Fyrsta tapið hjá KR í vetur

**KÖRFUBOLTI Ótrúleg sigurganga KR-liðsins tók enda í Grindavík í gær er heimamenn unnu sætan sigur á Vesturbæjarstórveldinu.**

**KR var búið að vinna alla leiki í öllum keppnum fram að leiknum í gær. Þar af sextán leiki í röð í deildinni sem engu öðru liði hefur tekist áður í sögunni.**

**Tap KR er því sögulegt og draumur KR-inga um að komast taplaust í gegnum tímabilið er því á enda.**

**- hbg /** **sjá síðu 22**



**ELDHAFIÐ EIRIR ENGU** Brunnið bílhræ nærri bænum Kinglake norðaustur af Melbourne í Ástralíu. Þar geisa mannskæðustu skógareldar í sögu landsins. Brennuvargar eru grunaðir um að hafa tendrað suma eldanna. NORDICPHOTOS/AFP

Kevin Rudd forsætisráðherra tjáir sig um skógareldana í Suðaustur-Ástralíu:

## Sakar brennuvarga um fjöldamorð

**ÁSTRALÍA, AP** Lögregluyfirvöld í Ástralíu lýstu í gær brunna bæi á skógareldasvæðinu í grennd við Melbourne vettvang glæps. Rannsóknarmenn slökkviliðsins sögðu að brennuvargar kynnu að hafa tendrað suma eldana, sem nú þegar eru orðnir mannskæðustu skógareldar í sögu byggðar í landinu. Staðfest tala látinna var í gær komin í 166.

Það fengust engin endanleg svör við því hvers vegna svo margt fólk varð eldinum að bráð, en sá ógnarmikli hraði sem var á útbreiðslu eldsins er talinn eiga stóran þátt í því.

Hitabylgja með lofthita allt að 47 gráðum samhliða miklu hvassviðri gerði þessa hröðu útbreiðslu mögulega. Þannig lokaðist fólk inni í eldhafinu og átti sér enga undankomuleið.

Rudd forsætisráðherra var mikið niðri fyrir í sjónvarpsviðtali, þar sem hann tjáði sig um þær fregnir að brennuvargar kynnu að bera ábyrgð á sumum hinna um það bil 400 elda sem geisuðu síðustu daga í Viktoríufylki.

„Hvað er hægt að segja um menn sem gera slíkt?“ sagði Rudd. „Það eru ekki til nein orð til að lýsa því, önnur en þau að þetta sé fjöldamorð.“ **- aa**

Breytingar í Seðlabankanum:

## Fengu ábendingar frá AGS

**EFNAHAGSMÁL** Forsætisráðuneytinu hafa borist tæknilegar ábendingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um frumvarp um breytingar á yfirstjórn Seðlabankans, sem liggur nú fyrir viðskiptanefnd Alþingis. Ekki liggur fyrir hvers kyns athugasemdirnar eru.

Nær öruggt er talið að Davíð Oddsson og Eiríkur Guðnason sitji sem seðlabankastjórar þar til lögin um breytingarnar taka gildi.

Frumvarpið verður tekið til umræðu í viðskiptanefnd í dag. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins standa vonir stjórnarliða til þess að frumvarpið geti verið afgreitt sem lög frá Alþingi jafnvel strax um miðja næstu viku.

**-sh, kg /** **sjá síðu 4**






**SPURNING DAGSINS**



*Lilja, leikurðu enn við hvurn þinn fingur?*

„Á hverjum degi, öll kvöld og allan sólarhringinn ef út í það er farið.“

Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir leikkona fagnar 30 ára leikafmæli um þessar mundir.

Dalai Lama kemur til Íslands í byrjun júní og flytur fyrirlestur í Laugardalshöllinni:

# Kemur í boði nágranna síns

**TRÚARBRÖGÐ** Dalaí Lama, leiðtogi Tíbeta og handhafi friðarverðlauna Nóbels kemur hingað til lands í júníbyrjun. Félagsskapurinn Dalaí Lama á Íslandi hefur frá 2005 unnið að því að fá hann í heimsókn.

„Þetta er um tíu manna hópur sem kemur úr ýmsum áttum,“ segir Þórhalla Björnsdóttir. Hún hefur orð fyrir hópnum sem er skipaður læknum, sálfræðingi, félagsráðgjöfum og mannfræðingi. „Allt saman fólk sem finnst ástæða til að standa í þessu.“

Meðan Dalaí Lama dvelst hér á landi mun hann halda fyrirlestur í Laugardalshöllinni þar sem hann fjallar um lífsgildi, viðhorf og leiðir til lífshamingju ásamt því að svara fyrirspurnum.



**DALAÍ LAMA** Leiðtogi Tíbeta var í heimsókn í Rómarborg í gær þar sem hann var gerður að heiðursborgara. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þórhalla segir ekkert ákveðið um hvort Dalaí Lama, sem hefur í hálfa öld búið í útlegð á Indlandi, hitti hér íslenska ráðamenn.

„Eins og ástandið hefur verið hér í stjórnmálum þá hefur bara ekki gefist ráðrúm til að ræða það.“

Þórhalla er félagsráðgjafi sem hefur í nokkur ár verið með annan fótinn á Indlandi, þar sem hún býr rétt hjá Dalaí Lama í þorpinu McLeod Ganj í tæplega 2.000 metra hæð í Himalajafjöllunum í norðvesturhluta Indlands.

„Hann er nágranni minn og ég hef þekkt hann í langan tíma,“ segir Þórhalla, sem hefur lengi haft áhuga á að fá þennan merka boðbera friðar og kærleika í heimsókn til Íslands. **- gb**

Stjórnmál í Þýskalandi:

## Nýr ráðherra efnahagsmála

**ÞÝSKALAND, AP Greint var frá því í Berlín í gær að hinn 37 ára gamli Karl-Theodor zu Guttenberg, framkvæmdastjóri Kristilega sósíalsambandsins (CSU), muni taka við embætti efnahagsmálaráðherra í þýsku sambandsríkisstjórninni af Michael Glos.**

**Glos sagði um helgina að hann vildi hætta. Afsögn hans var óvænt, nú í miðri efnahagskreppunni og þegar aðeins um hálft ár er til kosninga í landinu.**

**CSU er systurflokkur Kristilega demókrataflokksins (CDU) í Bæjaralandi, eiginlega sjálfstæð Bæjaralandsdeild kristilegra. - aa**

Látna konan í dúfnakofanum:

## Rætt við vitni

**LÖGREGLUMÁL** Bráðabirgðaniðurstaða krufningar hefur ekki varpað ljósi á dánarorsök konu á fertugsaldri sem fannst látin í dúfnakofa í Kapelluhrauni á fimmtudag.

Lögregla ræðir nú við vitni sem gætu varpað ljósi á ferðir konunnar. Meðal annars hefur verið rætt við aðila sem tengdust hinni látnu og sambýlismanni hennar og fólk sem þekkir til í Kapelluhrauni. Ljóst er að sambýlismaður konunnar var í för með henni á svæðinu þar sem hún fannst síðan látin. Konan fór inn um glugga á einum kofanna. Þar fannst hún nær klæðlaus þegar eigendur dúfnanna fóru til að huga að þeim síðdegis á fimmtudag.

Sambýlismaður konunnar hefur verið færður í gæsluvarðhald, en enginn annar verið handtekinn vegna málsins. **- jss, kg**

Galopinn fyrir þingframboði:

## Sturla Jónsson til Frjálslyndra

**STJÓRNMÁL Sturla Jónsson, sem var áberandi í mótmælum vörubílstjóra síðastliðið sumar, er genginn til liðs við Frjálslynda flokkinn.**

**„Í raun kom mér það á óvart hvað þessi litli flokkur hefur margt fram að færa og virðist standa upp úr þegar kemur að málefnum atvinnulífsins,“ segir Sturla, sem hugði á framboð til Alþingis á eigin vegum fyrir skömmu og hafði tryggt sér listabókstafinn A til verksins.**

**Sturla segir of snemmt að segja til um hvort hann hyggi á þingframboð fyrir flokkinn. „En ef mönnum líst á það að maður komi með þeim af fullum krafti í það þá stendur maður alveg galopinn fyrir því,“ segir hann. - sh**

# Sólarkísilverksmiðja verði opnuð árið 2012

**Fyrirtækið Strokkur gæti opnað sólarkísilverksmiðju árið 2012 sem myndi skapa störf fyrir 150 manns. Forsvarsmenn horfa til Húsavíkur eða Þorlákshafnar og eru í viðræðum um orkuöflun. Reynt verður að flýta viðræðum.**

**IÐNAÐUR** Forsvarsmenn fyrirtækisins Strokks eru í startholunum með verksmiðju sem skapa mundi 150 bein störf í fyrsta áfanga og fleiri ef hún verður stækkuð. Þá mundi fjöldi manns fá störf á hönnunar- og byggingartíma. Ef semst um orkukaup er hægt að hefja hönnun þegar í stað og opna verksmiðjuna árið 2012.

Undanfarna 18 mánuði hefur verið skoðað að koma verksmiðjunni upp í Þorlákshöfn. Nú hafa könnunarviðræður farið fram við Þeistareyki ehf. og er þá horft til Húsavíkur.

„Okkur var vel tekið og við skynjum að það sé aukinn skilningur á því að hægt sé að fara fleiri leiðir en álframleiðslu. Við bjóðum upp á orkufrekan iðnað í hátækni sem skapar græna afurð, ekki ósvipað því sem er við Krossanes á Akureyri nú. Ísland þarf á svona verkefni að halda til að auka fjölbreytni og bæta í útflutning,“ segir Eyþór Arnalds, framkvæmdastjóri Strokks.

Hann segir bæði Þorlákshöfn og Húsavík koma til greina. Báðir staðirnir séu nálægt orkusvæðum og hafnirnar séu nægilega stórar fyrir starfsemina.

„Aðalatriðið er að þessi starfsemi komi til Íslands. Við erum í hörkusamkeppni um hana við önnur lönd, því þetta er sennilega eftirsóttasti iðnaður í heimi,“ segir Eyþór.

Franz Árnason, stjórnarformaður Þeistareykja, segir viðræður á byrjunarstigi. Rætt hafi verið við fjóra aðila og framhald verði á þeim viðræðum. Hann segir horft til þess að sá aðili sem samið verði við komi að fjármögnun frekari rannsóknarborholna.



**HÚSAVÍK** Strokkur hefur átt í viðræðum við Þeistareyki um orkukaup fyrir sólarkísilverksmiðju sem gæti skapað 150 störf. Náist samningar rís verksmiðjan á Húsavík. Fyrirtækið hefur einnig átt í viðræðum við bæjarstjórn Þorlákshafnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er minn skilningur að Alcoa hafi ekki vilja eða getu til þess.“ Franz segir að reynt verði að flýta viðræðum, ekki síst í ljósi þess hve langt verkefni Strokks er komið.

Strokkur var í samstarfi við fyrirtækið Becromal, sem nýverið var keypt af þýska fjölþjóðafyrirtækinu Epcos. Eyþór segir Epcos hafa haft 200 milljarða í árstekjur í fyrra og því sé fengur af samstarfinu.



**EYÞÓR ARNALDS**

Framleiðsla á sólarkísil er mun umhverfisvænni en á áli. Engu að síður þarf að fara fram umhverfismat á verksmiðjunni.

Eyþór segir að ef samningar náist geti hönnunarvinna hafist strax.

kolbeinn@frettabladid.is

Lánasjóður námsmanna:

## Nýir fulltrúar skipaðir í stjórn

**MENNTAMÁL** Katrín Jakobsdóttir hefur skipað nýja fulltrúa í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna í stað þeirra sem vikið var úr stjórninni.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

Haraldur Guðni Eiðsson verður formaður stjórnarinnar frá og með 9. febrúar næstkomandi og Auður Lilja Erlingsdóttir verður varaformaður. Þau eru bæði nýir fulltrúar menntamálaráðherra í stjórninni.

Auk þeirra taka Finnur Friðriksson, sem einnig er fulltrúi menntamálaráðherra, og Eyja Margrét Brynjarsdóttir, sem er fulltrúi fjármálaráðherra, sæti í stjórninni. **- gb**

Fiskimjölsverksmiðjur:

## 5.000 tonn af gulldeplu

**SJÁVARÚTVEGUR Fiskimjölsverksmiðjur HB Granda hafa tekið á móti rúmlega 5.000 tonnum af gulldeplu það sem af er febrúarmánuði. Þetta kemur fram á heimasíðu HB Granda.**

**Gulldeplan heldur sig mest á 100 til 200 metra dýpi á nóttunni en á daginn syndir hún niður á rúmlega 500 metra dýpi.**

**Á heimasíðu HB Granda kemur fram að gulldeplan, sem kallast laksesild á Norðurlandatungumálunum, sé erfiðari í vinnslu en annar uppsjávarfiskur, og stafi það aðallega af því hve smár fiskurinn sé og hve mikill vökvi berist með honum til löndun. Gulldepla nær um það bil sjö sentimetra stærð. - kg**






Héraðsdómur segir breytt lög um fjármálafyrirtæki ganga gegn stjórnarskrá:

# Segir Alþingi hafa sett niður

**DÓMSMÁL** „Ég varaði eindregið við þessu því þetta var algerlega fyrirséð, en það var bara ekki tekið mark á mér. Ég lít svo á að Alþingi hafi sett niður við samþykkt þessara laga sem í fólst augljóst stjórnarskrárbrot,“ segir Atli Gíslason, lögmaður og þingmaður Vinstri grænna.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá því í gær segir að lög um fjármálafyrirtæki, sem breytt var í nóvember á síðasta ári, gangi gegn ákvæðum stjórnarskrár og að réttindum sem stjórnarskránni sé ætlað að tryggja verði ekki breytt eða þau felld úr gildi með almennri lagasetningu.

Héraðsdómur hafnaði því í gær að fresta máli sem höfðað var gegn Glitni meðan á greiðslustöðvun bankans stendur. Lög um fjármálafyrirtæki frá því í nóvember kveða á um að ekki sé heimilt að höfða eða halda áfram máli á hendur fjármálafyrirtækjum sem veitt hafi verið heimild til greiðslustöðvunar.

Hróbjartur Jónatansson, lögmaður stefnanda, Sigurðar P. Haukssonar, á hendur gamla Glitni segir ekki hægt að gera aðför að bönkunum meðan á greiðslustöðvun stendur. „En fái þessi dómur að standa geta fyrirtæki og einstaklingar höfðað mál gegn gömlu bönkunum og fengið fram dóm. Stjórnarskráin og Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna segja til um að hver og einn eigi rétt á að leita til óhlutdrægra dómstóla innan hæfilegs tíma, og að banna það með þeim hætti sem gert var í nóvember er auðvitað alveg út í hött. Það segir sig sjálft að fjöldi einstaklinga og fyrirtækja, innlendra sem erlendra, mun vilja láta reyna á ýmislegt sem varðar viðskipti við þessa gömlu banka,“ segir Hróbjartur Jónatansson. **- kg**



**HRÓBJARTUR JÓNATANSSON**



**ATLI GÍSLASON**


Íslenskt hugvit
– okkar hagur!
Veljum íslenskt!
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is

## GENGIÐ 09.02.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 165,88 | 166,68 |
| Sterlingspund | 165,88 | 166,68 |
| Evra | 144,50 | 145,30 |
| Dönsk króna | 19,387 | 19,501 |
| Norsk króna | 16,604 | 16,702 |
| Sænsk króna | 13,824 | 13,904 |
| Japanskt jen | 1,2189 | 1,2261 |
| SDR | 167,17 | 168,17 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
179,5992

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Faxaflóahafnir kynna hugmyndasamkeppni um gömlu höfnina í Reykjavík:

# Rétti tíminn fyrir samkeppni

**SKIPULAGSMÁL** Stjórn Faxaflóahafna ætla að efna til hugmyndasamkeppni um skipulag gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Allt verður undir í samkeppninni og munu hugmyndir nýtast við gerð aðalskipulags Reykjavíkur, segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna.

Samkeppnin verður tvískipt, annars vegar fyrir arkitekta og skipulagsfræðinga, en hins vegar fyrir almenning, segir Júlíus.

Kostnaður við keppnina verður 35 til 40 milljónir króna, þar af munu tólf milljónir renna í verðlaun fyrir sigurvegara keppninnar. Skila á tillögum í ágúst næstkomandi og standa vonir til þess að úrslitin verði ljós í september.



**BREYTINGAR** Júlíus Vífill Ingvarsson kynnti áformaða hugmyndasamkeppni Faxaflóahafna, í samvinnu við Reykjavíkurborg og Arkitektafélag Íslands, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þetta er einmitt rétti tíminn til að undirbúa sig og finna nýjar hugmyndir," segir Júlíus Vífill. Hann segir heppilegt að fara af stað með slíka samkeppni í niðursveiflu, enda líklegt að nóg sé af verkefnalitlum arkitektum sem vilji taka þátt.

Uppbygging í tónlistar- og ráðstefnuhúsreitnum verður væntanlega hægari en til stóð, segir Júlíus. Svæðið er innan þess svæðis sem hugmyndasamkeppnin nær til og fólki frjálst að setja fram hugmyndir um reitinn.

Júlíus segir enga ákvörðun hafa verið tekna um breytingar á skipulagi reitsins, en líklega sé útilokað að Landsbankinn muni byggja þar höfuðstöðvar, eins og til stóð. - bj

Lars Christensen:

## Neyðarlegt að Davíð þráist við

**EFNAHAGSMÁL Lars Christensen, yfirmaður greiningardeildar Danske Bank, segir það „neyðarlegt" af Davíð Oddssyni að neita að víkja úr stóli seðlabankastjóra.**

**„Auðvitað á ríkisstjórn ekki að skipta sér af málefnum Seðlabankans, en í ljósi þeirra mistaka sem gerð hafa verið, hefði bankastjórnin þegar átt að vera búin að segja af sér," segir Christensen í samtali við fréttastofuna Bloomberg.**

**Í sömu frétt segir Thomas Haugaard, hagfræðingur Svenska Handelsbanken „mjög skynsamlegt að hreinsa út úr kerfinu".** - sh

Robert Wade:

## Davíð ber mesta ábyrgð

**EFNAHAGSMÁL Robert Wade, hagfræðiprófessor við London School of Economics, segir bráðnauðsynlegt að skipta um seðlabankastjóra hið fyrsta til að senda þau skilaboð til umheimsins að Íslandi sé alvara með því að ætla að koma sér aftur á réttan kjöl.**

**Í augum þeirra sem standi utan landsteinanna sé Davíð Oddsson sá einstaklingur sem langsamlega mesta ábyrgð beri á ástandinu á Íslandi í dag. Hann hafi hannað kerfið sem nú hafi fallið og hafi strax eftir hrunið „gerst sekur um dómgreindarleysi sem væri hlægilegt ef það væri ekki svo alvarlegt".** - sh

### ATVINNULEYSI

**Styrkir fyrir heilsurækt**

Samtök heilsuræktarstöðva og ASÍ, hafa gert samning um að styrkja einstaklinga í atvinnuleit til heilsuræktar. Samkvæmt honum styrkja félög innan ASÍ atvinnulausa félagsmenn um minnst 2.000 krónur á mánuði og stöðvarnar veita viðskiptavinum minnst helmingsafslátt af kortum.

### SJÓNVARP

**Áskriftarverð hækkar**

Áskriftarverð sportstöðva Stöðvar 2 hækkar um 500 krónur hinn 5. mars næstkomandi. Verð Stöðvar 2 Sport fer í 5.890 krónur og Stöðvar 2 Sport 2 í 5.790 krónur á mánuði.

### LEIÐRÉTTING

Mishermt var í frétt blaðsins í gær að framkvæmdir væru hafnar í Vatnsendahlíð í Kópavogi. Svo er ekki.

Fyrir mistök birtist grein eftir fjóra bæjarfulltrúa Á-lista á Álftanesi ekki á Vísi fyrir helgi. Bæjarfulltrúarnir rituðu grein í Fréttablaðið þar sem vísað var í lengri grein á Vísi um deilur vegna Miðskóga 8 á Álftanesi. Úr þessu hefur verið bætt og má lesa greinina á Vísi í dag. Beðist er velvirðingar á þessu.

# AGS benti á brotalamir í seðlabankafrumvarpi

**Stjórnarliðar vona að hægt verði að afgreiða frumvarpið um yfirstjórn Seðlabankans um miðja næstu viku. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur beðið Eirík Guðnason um að íhuga betur að segja af sér sem seðlabankastjóri.**

**EFNAHAGSMÁL** Forsætisráðuneytinu hafa borist tæknilegar ábendingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum um frumvarp um breytingar á yfirstjórn Seðlabankans, sem liggur nú fyrir viðskiptanefnd Alþingis. Ekki liggur fyrir hvers kyns athugasemdirnar eru.

Í yfirlýsingu frá AGS kemur fram að athugasemdirnar hafi verið gerðar í kjölfar beiðni frá ráðuneytinu. Slíkar athugasemdir séu alsiða í samstarfi sjóðsins við ríkisstjórnir. Birgir Ármannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurðist fyrir um athugasemdirnar á þingi í gær. Hann á von á að fá frekari skýringar á athugasemdunum á fundi viðskiptanefndar í dag.

Davíð Oddsson ákvað í fyrradag að segja ekki af sér sem seðlabankastjóri, og nær öruggt er að hann muni því sitja áfram ásamt Eiríki Guðnasyni þar til lögin um breytingarnar taka gildi.

Frumvarpið verður tekið til umræðu í viðskiptanefnd í dag. Til stóð að efnahags- og skattanefnd fengi frumvarpið til umfjöllunar en að kröfu Framsóknarflokksins fór það í viðskiptanefndina.

Álfheiður Ingadóttir, formaður viðskiptanefndar, segir að reynt verði að vinna málið eins hratt og vel og mögulegt er, en treystir sér ekki til að segja til um hvenær það gæti orðið að lögum.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins standa vonir stjórnarliða til þess að frumvarpið gæti verið afgreitt sem lög frá Alþingi jafnvel strax um miðja næstu viku.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, sem ver ríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri græna falli, segir stöðuna sem upp er komin í samskiptum ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans mjög óþægilega, ekki síst vegna óvissunnar sem það skapar um framtíð bankans. Hann vill hins vegar ekki tjá sig frekar um málið fyrr en hann hefur fundað með fulltrúum AGS í dag.

stigur@frettabladid.is



INGIMUNDUR FRIÐRIKSSON



EIRÍKUR GUÐNASON

### BIÐUR EIRÍK AÐ HUGSA SIG BETUR UM

Ingimundur Friðriksson, sem fór að tilmælum Jóhönnu Sigurðardóttur um að segja sig úr stjórn Seðlabankans, telur Jóhönnu hafa vegið að æru sinni með bréfi hennar til hans. Þetta segir hann í svarbréfi til hennar sem gert var opinbert í gær. Segist hann hafa sinnt starfi sínu af fagmennsku, ábyrgð og samviskusemi og að „dylgjur um annað [séu] í huga [hans] ósanngjarnar og óröksturdar".

Í svarbréfi Eiríks Guðnasonar, sem ekki hefur sagt af sér, segir Eiríkur meðal annars: „Í sannleika sagt væri það mér mikill léttir að vera laus frá umræddu embætti." Hins vegar sé honum „mjög óljúft að biðjast lausnar" á þeirri forsendu sem gefin er í bréfi Jóhönnu, það að ekki hafi verið staðið faglega að verki í bankanum.

Hvorki Ingimundur né Eiríkur segjast hafa áhuga á viðræðum við stjórnvöld um starfslokagreiðslur.

Jóhanna hefur sent þeim Eiríki og Ingimundi svarbréf. Þar segist hún ekki hafa vegið að æru þeirra eða æru, og áréttar að ekki sé efast um faglega hæfni þeirra eða þekkingu á sviði peningamála. Hún þakkar Ingimundi fyrir að verða við beiðni sinni, en biður Eirík að hugleiða á ný hvort hann geti fallist á að biðjast lausnar. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort Davíð Oddsson fær sambærilegt svarbréf við harðorðu bréfi sínu frá því í fyrradag.

Carsten Valgreen:

## Gáttaður á að Davíð víki ekki

**EFNAHAGSMÁL** „Í ljósi þess sem gerst hefur er ég gáttaður á því að Davíð Oddsson hafi ekki vikið úr starfi fyrir löngu," segir Carsten Valgreen, ráðgjafi og fyrrverandi aðalhagfræðingur Danske Bank. „Hann er greinilega ekki að hugsa um hag þjóðarinnar."

Valgreen segir sorglegt að á tímum sem þessum hafi valdamesta fólk landsins misst sig í skaðlegt pólitískt argaþras.

„Ég er almennt þeirrar skoðunar að stjórnmálamenn eigi ekki að reka seðlabanka, og í raun bæði við um Davíð og sitjandi forsætisráðherra." Nauðsynlega þurfi að ráða til skamms tíma alls óháðan stjóra í Seðlabankann erlendis frá. - sh

Daniel Levin:

## Mjög skaðlegt

**EFNAHAGSMÁL „Ástandið er gríðarlega erfitt og því er mjög skaðlegt að forsætisráðherrann og seðlabankastjórarnir standi í átökum sem þessum," segir dr. Daniel Levin, alþjóðlegur ráðgjafi um efnahagskreppur, sem verið hefur íslenskum stjórnvöldum til ráðgjafar á síðustu misserum.**



DANIEL LEVIN

**Átökin sendi skelfileg skilaboð út fyrir landsteinana og hljóti að hafa áhrif á samskipti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og væntanlegar samningaviðræður við Breta og fleiri þjóðir.**

**„Það sem þarf að gerast er að helstu stjórnmálaleiðtogar setjist niður með seðlabankastjórninni og finni lausn á vandanum." Hann áréttar þó að auðvitað þurfi forystu í Seðlabankanum sem ríkisstjórnin getur unnið með.** - sh

RÁÐSTAFAÐU ENDURGREIÐSLUNNI Á SJOVA.IS

Þú gætir tvöfaldað endurgreiðsluna.

SJÓVÁ STOFN

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**HLÝNAR EFTIR MIÐJA VIKUNA**

Á fimmtudaginn nálgast landið lægð úr suðvestri. Henni fylgir vaxandi vindur af suðaustri með sæmilegum hlýindum. Síðdegis á fimmtudaginn verður að líkindum kominn tveggja til þriggja stiga hiti sunnan og vestan til með snjómuggu eða slyddu. Síðan ganga hlýindin yfir landið og á föstudag verður víðast orðið frostlaust á láglendi.




Á MORGUN 3-8 m/s

FIMMTUDAGUR 8-15 m/s suðvestan til, annars mun hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Amsterdam | 5° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 2° |
| Eindhoven | 5° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 3° |
| New York | 11° |
| Orlando | 25° |
| Osló | -9° |
| París | 5° |
| Róm | 14° |
| Stokkhólmur | 0° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Lokadagar
## ÚTSÖLUNNAR

**Fjöldi frábærra tilboða - Enn meiri verðlækkkun!**




Mikið úrval af borðstofusettum



*Nabucco* Borðstofusett



Mikið úrval af vönduðum hornsófum



Streza sjónvarpssófar sem hægt er að halla og eru með skemlum



*Corrine*
Mikið úrval af vönduðum sófasettum



*Julia*
Mikið úrval af vönduðum sófasettum 3+1+1



Mikið úrval af vönduðum sófum og sófasettum frá Italsofa The Italian touch

**Vandaður slökunarstóll**
með skemli og sterku áklæði
eða leðri - Margir litir



**Vandaður slökunarstóll**
Með lyftu sem lyftir þér uppúr stólnum.
Afar hentugt fyrir eldra fólk og þá sem
eiga erfitt með hreyfingar.
Með innbyggðum skemmli.



**Vandaður stóll**
Afar vandaður og sérlega
þægilegur stakur stóll frá
Italsofa með snúningi.



**Vandaður slökunarstóll**
Með leðuráklæði og skemli.
Litir: Beige, brúnt, svart og
rauðbrúnt.



**www.valhusgogn.is**
Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360°
sýningarkerfinu okkar Þetta verður þú að prófa!

Opið virka daga kl. 10-18
**Laugardaga kl. 11-16**

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú búin(n) að lesa bréf Davíðs Oddssonar til Jóhönnu Sigurðardóttur?*

| | |
|---|---|
| Já | 48,2% |
| Nei | 51,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú farið í leikhús í vetur?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Vísir

Mikil spenna fyrir þingkosningarnar sem haldnar verða í Ísrael í dag :

# Sigurlíkur Netanyahus góðar

**ÍSRAEL, AP** Bilið milli þeirra Tzipi Livni og Benjamins Netanyahu hefur minnkað síðustu dagana fyrir þingkosningar í Ísrael, sem haldnar verða í dag. Skoðanakannanir hafa lengi bent til þess að harðlínumaðurinn Netanyahu færi með sigur af hólmi, en Livni hefur verið að sækja í sig veðrið á síðustu metrunum.

Livni er utanríkisráðherra og tók í haust við formennsku í Kadima-flokknum af Ehud Olmert forsætisráðherra, sem sagði af sér vegna spillingarmála. Netanyahu var forsætisráðherra í nokkur ár á síðasta áratug og hefur ekki sýnt mikinn áhuga á að semja við Palestínumenn um frið.



**KOSNINGASTEMNING** Kosningaveggspjald Netanyahus blasir víða við þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hvorugum flokknum er þó spáð meira en 30 þingsætum á 120 manna þingi, þannig að sigurvegarinn þarf að leita til annarra flokka um myndun samsteypustjórnar.

Þar sem hægri flokkum hefur almennt vegnað vel í skoðanakönnunum undanfarið virðist sem Netanyahu muni eiga mun auðveldara með stjórnarmyndun en Livni, jafnvel þótt flokkur hennar fengi fleiri atkvæði en Likud.

Allt stefnir í að þjóðernisflokkurinn Yisrael Beiteinu verði þriðji stærsti flokkurinn. Leiðtogi hans er Avigdor Lieberman, sem meðal annars hefur barist fyrir því að Palestínumenn, búsettir í Ísrael, verði að lýsa yfir hollustu sinni við ríkið, að öðrum kosti missi þeir ríkisborgararétt. - gb

Jóhanna Sigurðardóttir:

# Ætlar ekki að hækka skatta

**ALÞINGI Skattar verða ekki hækkaðir í tíð núverandi ríkisstjórnar.**

**Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra fullyrti það í svari við fyrirspurn Sigurðar Kára Kristjánssonar, Sjálfstæðisflokki, á Alþingi í gær.**

**„En að fara að halda því fram hér að það eigi að fara að hækka hér skatta núna, kannski á næstu mánuðum eða svo, á fólkið í landinu, það er bara fjarstæða,“ sagði Jóhanna. Bætti hún því við að vera kynni að í aðgerðaáætlun til næstu fjögurra ára kynni að koma til skattahækkana en þær myndu þá beinast að þeim sem hærri hefðu tekjurnar.** - bþs

Seðlabankastjóri í London:

# Hitti fulltrúa viðskiptabanka

**SEÐLABANKINN** Davíð Oddsson, fyrrverandi formaður bankastjórnar Seðlabankans, var í London á fundum með fulltrúum helstu viðskiptabanka Seðlabankans erlendis þegar Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sendi honum bréf og óskaði eftir afsögn hans.



**DAVÍÐ ODDSSON**

Þetta kemur fram í svari Seðlabankans við fyrirspurn Fréttablaðsins. Þar segir að í ferðinni, sem stóð frá 31. janúar til 5. febrúar, hafi Davíð átt fjölmarga fundi með fulltrúum bankanna. Um árlega fundi sé að ræða, sem ákveðnir hafi verið með löngum fyrirvara. - bj

Jón Magnússon þingmaður:

# Hættur í Frjálslynda flokknum

**ALÞINGI Jón Magnússon alþingismaður hefur sagt sig úr þingflokki Frjálslynda flokksins. Hann er um leið genginn úr flokknum.**



**JÓN MAGNÚSSON**

**Hann upplýsti um þessa ákvörðun við upphaf þingfundar í gær og jafnframt að hann ætli að starfa utan þingflokka.**

**Jón varð þingflokksformaður Frjálslynda flokksins í haust.**

**Kristinn H. Gunnarsson var varaformaður og tekur við skyldum formanns þar til annað verður ákveðið.** - bþs

# Hvattur til að halda hvalveiðikúrsi Einars

**Sjávarútvegsráðherra vonast til að geta tekið afstöðu til nýlegrar hvalveiðireglugerðar fljótlega. Þingmenn fjögurra flokka hvetja hann til að hrófla ekki við ákvörðun forvera hans. Siv Friðleifsdóttir kallaði ræðu ráðherra jarídí jarídí jarí.**

**ALÞINGI** Jarídí jarídí jarí, voru orðin (ef orð má kalla) sem Siv Friðleifsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, valdi til að lýsa ræðu Steingríms J. Sigfússonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í umræðum um hvalveiðar á Alþingi í gær.

Eftir að Jón Gunnarsson, Sjálfstæðisflokki, hafði rakið aðdraganda síðari tíma hvalveiða Íslendinga og hvatt ráðherra til að hrófla ekki við fárra daga gamalli reglugerð Einars K. Guðfinnssonar um atvinnuhvalveiðar fór Steingrímur yfir sín sjónarmið.

Gagnrýndi hann Einar fyrir ákvörðunina enda styddist hún ekki við góða stjórnsýsluhætti. Kvaðst Steingrímur vera að viða að sér sjónarmiðum úr ýmsum áttum og gaf til kynna að von gæti verið á efnislegri afstöðu undir vikulok.

Þingmenn fjögurra flokka lýstu sig hlynnta hvalveiðum.

Einar K. tók vitaskuld undir með Jóni flokksbróður sínum og sagði ákvörðunina frá í lok síðasta mánaðar fullkomlega eðlilega.

Framsóknarmennirnir Siv Friðleifsdóttir og Magnús Stefánsson sögðu sinn flokk vilja sjálfbæra nýtingu á auðlindunum og raunar benti Magnús Steingrími á að teldi hann vafa leika á lagagildi reglugerðar Einars, þar sem ríkisstjórnin var þá starfsstjórn, gæti hann einfaldlega gefið hana út á ný, óbreytta.

Kristinn H. Gunnarsson, Frjálslynda flokknum, sagði reglugerðina í samræmi við vilja meirihluta Alþingis og að ráðherra væri að reyna að eyðileggja málið. Flokksbróðir hans, Grétar Mar Jónsson, sagði hvalveiðar geta skilað upp undir fimm milljarða árstekjum og allt að 300 störfum. Hann vildi reyndar líka veiða hnúfubak. Grétar kvaðst svo þeirrar skoðunar að bjóða ætti hvalveiðiheimildir upp. Sigurður Pétursson, Samfylkingunni, var sammála Grétari þar og hvatti Steingrím til að heimila í það minnsta hrefnuveiðar.



**JÓN GUNNARSSON** Vill að hvalveiðar verði stundaðar af myndarskap á Íslandsmiðum enda liggi til þess allar forsendur, hvort heldur er þinglegar, efnahagslegar eða fiskifræðilegar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ekki voru allir jafn hrifnir. Núverandi og fyrrverandi umhverfisráðherrar fundu málinu allt til foráttu. Kolbrún Halldórsdóttir sagðist þeirrar skoðunar að eitthvað allt annað en hagsmunamat hefði búið að baki ákvörðun Einars og upplýsti að hún hefði heyrt af fólki sem afpantaði 800 þúsund króna ferð til Íslands í síðustu viku vegna reglugerðarinnar. Lengra gekk Þórunn Sveinbjarnardóttir sem sagði að líklega hefði tilgangur Einars verið sá einn að koma nýrri ríkisstjórn í bobba með pólitískum klókindum.

bjorn@frettabladid.is


**Bifreiðaeigendur athugið!**

**Tímareimaskipti.**
**Bremsuviðgerðir.**
**Kúpplingsviðgerðir.**
**Smurþjónusta.**

**Tímapantanir í síma**
**5355826**

FRAMTAK BLOSSI ehf

Drangahrauni 1 – 220 Hafnarfirði – Sími 535 5822



25% AFSLÁTTUR
Lakkrís + Classic




SKIPHOLTS APÓTEK
Skipholti 50b • 105 Reykjavík


**Neytendur:** Um gæði bleia

# *Sparið með ódýrari bleium*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Einnota bleiur á Íslandi eru allar innfluttar. Vegna hruns íslensku krónunnar hefur bleiuverð hækkað mikið síðustu mánuðina. Bónus og Krónan eru þó með bleiur sem kosta u.þ.b. helmingi minna en „vinsæl“ merki. Erik Eriksson læknir hefur pælt í bleiumarkaðinum. *„Ég á sjálfur fjögurra mánaða son og við hjónin höfum gert óformlega gæða- og verðkönnun,“* skrifar hann. *„Við höfum komist að því að Euroshopper-bleiurnar sem fást í Bónus eru að meðaltali 50% ódýrari en sambærilegar bleiur (Pampers, Friskies, Huggies o.s.frv.), 15 kr./stk. á móti 30-35 kr./stk. Jafnframt eru þær rakadrægari. Þetta er einnig reynsla annarra foreldra sem við þekkjum. Orðið á götunni er að bleiuútbrot komi síður með þessum bleium. Sel það þó ekki dýrara en ég keypti. Tel VIP-bleiurnar í Krónunni ekki með í þessari úttekt þar sem gæði þeirra eru mjög léleg.“*



Vinnufélagi minn mælir aftur á móti með VIP-bleiunum og því legg ég til að fólk athugi málið sjálft. Það munar um minna, börn nota um 5.000 bleiur fyrstu æviár sín svo ef maður sparar 15 kr. með hverri eru það samtals 75.000 kr. Ekki amaleg innborgun á sparnaðarreikning barnsins það!






Jói Alex Óli Rikki

PIPAR • SÍA • 90164

# Vetrardagar

## Jeppa-, ferða- og sleðatæki

**FRUMSÝNING Á ÍSLANDI!**




**GPSMAP 620**

Tvöfalt tæki fyrir bílinn og sleðann. Hægt er að ræsa tækið sem leiðsögutæki eða sem tæki fyrir utanvegaakstur á snjó. Tækið er vatnshelt og fyrirferðarlítið þrátt fyrir 5,2" snertiskjá með hárri upplausn. GPSmap 620 er búið Íslandskorti sem gerir það að heitasta tækinu á markaðnum.

### Ný og glæsileg Garmin verslun í Ögurhvarfi

Kynnum ný tæki frá Garmin og sérfræðingar okkar kenna byrjendum sem lengra komnum hvernig tækin nýtast í útivistina að vetrarlagi.



**Forerunner 405**

Nett hlaupaúr sem hentar á gönguskíðin líka og birtir upplýsingar um hraða, vegalengd, hjartslátt og brennslu.



**Nüvi 550**

Vatnshelt leiðsögutæki í bílinn sem hentar einnig í gönguna, á reiðhjólið eða sleðann.



**Oregon 300**

Útivistartæki með snertiskjá, hæðarmæli, þrívíddarkortum o.fl.




www.garmin.is

GARMIN™

*Fylgdu þeim fremsta*

Garmin Iceland | Ögurhvarf 2, 203 Kópavogur | Sími: 577 6000

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hver verður í forystu ráðgjafahóps um breytingar á stjórnarskránni, sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra hefur sett á fót?
2. Hvað heitir bandaríska konan sem varð fyrst kvenna til að ljúka sundi yfir Atlantshafið?
3. Hvers vegna voru tveir menn hætt komnir í lest togarans Ingunnar AK í Akraneshöfn á sunnudag?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

Sérstakur saksóknari sem rannsaka á mál tengd bankahruninu tekinn til starfa:

# Ábendingar teknar að berast

**DÓMSMÁL** Nokkrar ábendingar hafa þegar borist sérstökum saksóknara sem rannsaka á mál tengd bankahruninu. Hann hefur tekið formlega til starfa og tekur meðal annars við ábendingum um grunsamlegt athæfi á vefsíðu sinni.

„Við ætlum að sinna öllum þeim ábendingum sem okkur berast,“ segir Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari. Hann kynnti starfsemi embættisins fyrir fjölmiðlum á skrifstofu þess í gær.

Embættið mun einnig taka við málum frá Fjármálaeftirlitinu og skattrannsóknarstjóra, en ekki er enn komið í ljós hvert umfang verksins verður, segir Ólafur.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**SAKSÓKNARI** Ólafur Þ. Hauksson (til hægri) kynnti starfsemi embættis sérstaks saksóknara ásamt öðrum starfsmönnum embættisins í gær.

Hann segir starfsemina nú í nokkurs konar undanfarafasa, en svo muni starfsmenn demba sér í einstök mál.

Þrír starfsmenn hafa verið ráðnir, auk Ólafs. Einn kemur frá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra og tveir frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Þá hefur verið samið við Sigurð Tómas Magnússon, áður settan ríkissaksóknara í Baugsmálinu, um að vera lögfræðilegur ráðgjafi embættisins.

Ólafur hefur birt upplýsingar um hlutabréfaeign og tengsl við fjármálafyrirtæki á vefsíðu embættisins, serstakursaksoknari.is. Ólafur segir að hans hlutabréfaeign hafi einskorðast við hlutabréf í Eimskipafélaginu, virði einhverra tuga þúsunda króna, sem hann hafi fengið í skírnargjöf. **- bj**

Forseti ASÍ:

# Segir fundinn hafa lofað góðu

**VINNUMARKAÐUR** Ríkisstjórnin, aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúi sveitarfélaganna áttu samráðsfund í Ráðherrabústaðnum í gærmorgun.

Fundurinn lofaði góðu, að mati Gylfa Arnbjörnssonar, forseta ASÍ. Ríkisstjórnin gerði grein fyrir sinni verkefnaáætlun.

„Fundurinn bar keim af samráði. Það fellur vel að okkar kröfum að eiga samræður til að finna leiðir út úr vandanum,“ segir Gylfi. „Menn sammæltust um það að eiga sem mest samskipti og samræður. Það er ýmislegt sem við höfum kallað eftir og viljum fá að hafa áhrif á.“ **- ghs**

Börn hjálpa börnum:

# Safnað fyrir skólamáltíðum

**HJÁLPARSTARF Árlegt söfnunarátak ABC barnahjálpar, Börn hjálpa börnum er hafið í ellefta sinn. Söfnunin stendur yfir til 28. febrúar og er unnin í samvinnu við grunnskóla landsins. Næstu vikur munu grunnskólabörn ganga með bauka í hús og safna fyrir máltíðum fyrir ABC börnin.**

**ABC barnahjálp sér nú um 13.000 fátækum börnum í Asíu og Afríku fyrir menntun. Undanfarna mánuði hefur gengi krónunnar verið það óhagstætt að ekki hefur reynst unnt að sjá börnum í sumum skólunum fyrir skólamáltíðum. Með söfnuninni verður reynt að koma skólamáltíðum á ný í alla skóla ABC. Reikingur söfnunarinnar er 15-14-110000, kt. 690688-1589.** **- kg**

Árásarmaður í einangrun og gæsluvarðhaldi:

# Braut framtennur með hnúajárni

**DÓMSMÁL** Karlmaður situr nú í gæsluvarðhaldi og einangrun vegna rannsóknar á heiftarlegri líkamsárás í Mosfellsbæ. Tvær tennur voru meðal annars brotnar í fórnarlambinu með hnúajárni.

Maðurinn sem fyrir árásinni varð kallaði lögreglu til. Hann reyndist vera illa farinn í andliti, báðar framtennur brotnar að hluta og, með umtalsverðar bólgur víða. Jafnframt voru áverkar á hnakka hans og hann kvartaði undan svima.

Maðurinn sagði tvo menn hafa bankað upp á hjá sér. Er hann hafi opnað hurðina hafi annar byrjað að kýla hann með hnúajárni. Hafi barsmíðarnar byrjað í anddyri hússins og haldið áfram inn í eldhús og inn í stofu þar sem hann hafi lagst í gólfið. Þá hafi verið sparkað í hann þar sem hann lá.

Maðurinn kvaðst þekkja annan árásarmanninn, þann sem nú situr inni. Hinn árásarmanninn hafi fórnarlambið ekki þekkt en gat gefið nokkuð nákvæma lýsingu á honum. Þá gat hann lýst bílnum sem mennirnir voru á og gaf einnig upp númerið á honum.

Maðurinn, sem situr inni, var í gær dæmdur í Hæstarétti til að sæta gæsluvarðhaldi og einangrun þar til á þriðjudag. **- jss**



**FISKVINNSLA** Karlar á landsbyggðinni fá næstum helmingi hærri heildarlaun en konurnar, samkvæmt nýlegri rannsókn á kynbundnum launamun.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Karlar miklu launahærri

**Karlar á landsbyggðinni fá miklu hærri heildarlaun en konurnar. Formaður Afls starfsgreinafélags segir tölurnar „sláandi“. Vinnutíminn líklega skýringin.**

**VINNUMARKAÐUR** Karlar úti á landi eru með næstum helmingi hærri heildarlaun en konurnar, eða 38 prósent, samkvæmt niðurstöðum nýlegrar rannsóknar á kynbundnum launamun. Á höfuðborgarsvæðinu er þessi munur rúm tíu prósent.



**HJÖRDÍS ÞÓRA SIGURÞÓRSDÓTTIR**

„Þessi munur er meiri en nokkurn grunaði og vekur ugg í brjósti, þar sem þessi mikli launamunur er meðal þeirra starfsstétta sem krefjast menntunar,“ segir Maríanna Traustadóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, meðal annars í Fréttabréfi ASÍ. „Þessar niðurstöður eru ekki hvetjandi fyrir ungar menntaðar konur að leita starfa og starfsframa á landsbyggðinni.“

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður Afls starfsgreinafélags, segir tölurnar „sláandi“ og skýringarnar séu „væntanlega margþættar“. Líklegast þykir henni að karlar á landsbyggðinni vinni lengri vinnutíma en konurnar, þeir fái frekar yfirborganir og séu duglegri að sækja sér þær.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna líka að leiðréttur kynbundinn launamunur er 19,5 prósent á landinu. Þetta þýðir að karlar eru að jafnaði með 19,5 prósent hærri heildarlaun en konur þegar tekið er tillit til vinnutíma, starfs, menntunar, aldurs, atvinnugeira, ábyrgðar og þess hvort fólk er sjálfstætt starfandi eða launafólk.

Á landsvísu er kynbundinn launamunur 22,4 prósent í einkageiranum en í opinbera geiranum mældist kynbundinn launamunur aðeins meðal starfsmanna með framhaldsskólamenntun og er þá rúm 28 prósent. Maríanna Friðjónsdóttir, jafnréttisfulltrúi ASÍ, segir í grein á vef ASÍ að ástandið sé skárra í opinbera geiranum.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir að miðað við þessa könnun virðist launaákvarðanir úti á landi mismuna konum frekar en körlum „en hvaða skýringar eru á því höfum við ekki farið ofan í enn þá. Það hlýtur að vera úrlausnarefni í framhaldinu“.

ghs@frettabladid.is



Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Skráðu þig í elsta og vinsælasta tölvuskólann



1986 - 2008 • 23 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og nærri 39.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 23 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Bjóðum einnig námskeið um Picasa og Photoshop Elements fyrir áhugaljósmyndara*

### Visual C# .NET forritun

Frábært námskeið til að læra á það forritunarmál sem flestir nota. Hnitmiðað og yfirgripsmikið mál sem undirbýr þig fyrir krefjandi forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun.

Mjög reyndur kennari og vandað námskeið.

**Lengd**: 94 stundir/63 klst. **Verð**: 159.900

*Nokkur sæti laus á kvöldnámskeið sem hefst 12. febrúar*

### Almennt tölvunám

Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint, töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 74.900.

*Næsta námskeið hefst 3. mars.*

### Stutt og hnitmiðað nám

**Byrjendanám**

Tölvufærni fyrir byrjendur • *30 st./29.900*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/11.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/11.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 st./7.500*

**Stafræn ljósmyndun og myndbönd**

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 st./12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/17.900*
Stafræn myndbandagerð • *13 stundir/17.900*

**Access**

Access I: Almennt nám • *22 stundir/29.900*
Access II: Sérhæft nám • *18 stundir/34.900*

**Word**

Word I: Almenn ritvinnsla • *22 st./26.900*
Word II: Kraftmikil ritvinnsla • *18 st./26.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 st./18.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 st./8.900*

**Excel**

Excel I: Almennt nám • *22 st./26.900*
Excel IIa: Sérhæft nám • *18 st./32.900*
Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk. • *18 st./39.900*
Excel IIc: Fjölvar og forritun • *32 st./49.900*
Excel: Pivottöflur • *5 st./12.900*

**PowerPoint**

PowerPoint I: Almennt nám • *13 st./16.900*
PowerPoint II: Sérhæft nám • *9 st./14.900*
PowerPoint I + II • *22 st./25.900*

**Outlook**

Outlook I: Póstur, dagbók ofl. • *13 st./16.900*
Outlook II: Fyrir lengra komna • *9 st/14.900*

**Publisher**

Publisher: Bæklingar,kort ofl. • *13 st./18.900*

**Vefsíðugerð, Photoshop og Flash**

DreamWeaver vefsíðugerð • *27 st./32.900*
DreamWeaver og Photoshop • *54 st./55.900*
DreamW., Photoshop og Flash • *72 st./76.900*
Flash: Margmiðlun • *18 st/27.900*
Flash II: Forritun • *18 st/27.900*
Photoshop: Ljósm.r og grafík • *27 st./32.900*
Photoshop II: framhald • *18 st./32.900*

**Verkefna- og tímastjórnun**

PRINCE2 verkefnastjórnun • *18 st./54.900*
MS Project verkefnastjórnun • *22 st./44.900*
Betri tímastjórnun • *9 st./16.900*
Hugarkort - MindMaps • *4 st./9.900*

### Hagnýtt bókhaldsnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á daglegri bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Kenndir eru allir algengustu þættir fjárhagsbókhalds, töluvbókhalds, uppgjörs. afstemningar, virðisaukaskatts, ofl..

**Lengd**: 94 stnd./63 klst. **Verð**: 108.900

*Næsta námskeið hefst 18. mars*

### Excel I, II og III

Vertu betri með því að velja Excel námskeið hjá okkur. Við erum með ítarlegasta grunnámið og kraftmikið framhaldsnám.

**► Excel I: Almenn töflureiknisnotkun**

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja ná hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 26.900

**► Excel IIa: Sérhæfð töflureiknisnotkun**

Kraftmikið námskeið fyrir þá sem hafa notað Excel um tíma og þekkja vel grunninn. Bætt er verulega við þekkingu á flóknari föllum, listavinnslu, pivot töflum, myndritum, tengingu skjala, gagnagrunnsfyrirspurnum ofl..

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 32.900

**► Excel III: Fjölvar og forritun með VBA.**

Þetta er öflugasta Excel námskeiðið sem er í boði hér á landi. Á námskeiðinu er kennt að forrita Excel með hinu fjölhæfa Visual Basic for Applications (VBA) máli, búa til fjölva (Macro) og form og að nota Excel við flókna gagnaúrvinnslu og utanumhald.

Þetta námskeið er fyrir alla þá sem hafa ítarlega þekkingu á Excel og vilja kanna nánar þá eiginleika forritsins sem gera það mögulegt að smíða alls konar sérlausnir fyrir flókna útreikninga og áætlanagerð.

**Lengd**: 31 stund/21 klst. **Verð**: 49.900

*Skoðaðu stundatöflu okkar og sjáðu hvenær þessi og önnur Excel námskeið eru í boði.*

### Tölvunám fyrir 50+

Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara.

**Kennslugreinar:**

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikefið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 64.900

*Næsta námskeið hefst 16. febrúar*

### Hagnýtt bókhaldsnám II

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi bókhaldskera til að vinna upplýsingar úr þeim til stjórnunar og endurskoðanda. Nám sem gerir þér kleift að verða betri bókari og geta gengið frá sundurliðunum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar til uppgjörsaðila eða endurskoðanda.

**Lengd**: 60 stundir/40 klst. **Verð**: 79.900

*Næsta námskeið hefst 18. mars*

### Tölvu- og bókhaldsnám



Frábært nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf eða sjálfstæðan rekstur.

**Helstu kennslugreinar**

- Upplýsingatækni, Office 2007, Outlook, Access og verslunarreikningur.
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun.

**Lengd**: 225 stnd./150 klst. **Verð**: 169.900

*Næsta námskeið hefst 3. mars!*

### Flash I og II

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með forritinu sem er staðallinn hjá fagfólkinu.

**Flash I**: 18 st./12 klst. **Verð**: 27.900
**Flash II**: 18 st./12 klst. **Verð**: 27.900
**Flash I+II**: 36 st./24 klst. **Verð**: 49.900

### Photoshop I og II

Komdu í nám um ljósmyndavinnslu og grafík með Photoshop sem er vinsælasta forritið fyrir margmiðlun, vefi, ljósmyndir og prentun.

**Photoshop I**: 27 st./18 klst. **Verð**: 32.900
**Photoshop II**: 18 st./12 klst. **Verð**: 32.900
**Photoshop I+II**: 45 st./30 klst. **Verð**: 59.900

### DreamWeaver

Búðu til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við á einfaldan hátt.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 32.900

### Photoshop Elements

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að vinna ljósmyndir, lagfæra þær, breyta þeim og skeyta mörgum myndum saman. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, raða þeim og flokka þær auk þess að prenta þær með eða án texta. Frábært námskeið fyrir þá sem vilja geta gert meira.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 17.900

*Næsta námskeið hefst 11. febrúar kl. 19:30*

### Gott að vita!

- ► VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ► **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- ► 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- ► Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ► Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

### Tölvunám TV til betri verka

**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

### Styrkur til atvinnulausra

*Hafðu samband við Vinnumálastofnun og stéttarfélagið þitt og kannaðu hvaða styrki til náms, hjá okkur, þú getur fengið hjá þeim.*

*Láttu koma þér skemmtilega á óvart!*

www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www·tv·is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is



**MÚMÍUFUNDUR Í EGYPTALANDI** Steinkista einnar af þrjátíu múmíum, sem fundust nýverið í 2.600 ára gamalli gröf í Egyptalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íslenskt lið gerir það gott í alþjóðlegri flugiðnaðarkeppni:

# Komnir áfram í aðra umferð

**FÓLK** „Þetta kemur kannski ekki beint á óvart því keppnin er þess eðlis að allir ættu að eiga jafnan séns. En dómurunum virðist lítast vel á hugmyndirnar okkar og það er ánægjulegt,“ segir Arnar Lárusson, liðsstjóri íslensks liðs sem komið er áfram í aðra umferð í Fly Your Ideas-keppninni sem flugvélaframleiðandinn Airbus efndi til í október. Markmið keppninnar er að hvetja til nýrra hugmynda sem geta mótað framtíð flugiðnaðarins og eflt vistvirkni hans.

2.350 nemendur skráðu sig til leiks í keppninni og af þeim komust 86 lið í aðra umferð. Auk íslenska liðsins komst einungis lið frá Danmörku áfram af Norðurlandaþjóðunum. Hugmynd þeirra Arnars, Andrésar Gunnarssonar og Ásgeirs Bjarnasonar er að setja þunnar sólarorkusellur á flugvélar sem framleiða rafmagn fyrir farþegarýmið. Þannig sé hægt að minnka kolefnisútblástur flugvélanna, auk þess sem í þessu felist mikill sparnaður fyrir flugfélögin. Strákarnir stunda allir nám í verkfræði við Háskóla Íslands. Vinskapur þeirra nær raunar lengra aftur, því þeir voru allir saman í bekk í Menntaskólanum í Reykjavík á sínum tíma. Arnar segir þægilegt að vinna með félögum sínum. „Við þekkjumst það vel að við sleppum við að þurfa að testa einhverja punkta hver á öðrum,“ segir Arnar og hlær.

Vinningsliðið í keppninni hlýtur 30.000 evrur í verðlaun. - kg



**ÞAULKUNNUGIR** Þeir Arnar Freyr Lárusson, Andrés Gunnarsson og Ásgeir Bjarnason heimsóttu Icelandair um síðustu helgi þar sem þessi mynd var tekin.

Clarkson um Gordon Brown:

## Eineygður, skoskur fáviti

**BRETLAND** Jeremy Clarkson, umsjónarmaður BBC-bílaþáttarins vinsæla, Top Gear, sem sýndur hefur verið á Skjáeinum, hefur beðist afsökunar á að kalla Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, „eineygðan, skoskan fávita“ í viðtali. Clarkson lét ummælin falla í viðtali við ástralskan blaðamann, þar sem efnahagskreppan var til umræðu.

BBC hefur fallist á afsökunarbeiðni Clarkson og hyggst ekki aðhafast frekar í málinu.

Talsmenn Downingstrætis 10 segja að Clarkson hafi rétt á að túlka efnahagskreppuna á sinn eigin hátt. - kg

Landssamband lögreglu:

## Óeirðabílarnir hluti af staðalbúnaði lögreglu

**LÖGGÆSLA** „Það ástand sem ríkti í Reykjavík þá daga sem svokölluð „búsáhaldabylting“ stóð yfir var grafalvarlegt.“

Svo segir í tilkynningu frá Landssambandi lögreglumanna vegna þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað varðandi innflutning á bifreiðum frá lögreglunni í Danmörku. Landssamband lögreglumanna segir það enn fremur miður að fjölmiðlar þessa lands skuli tortryggja aðgerðir ríkislögreglustjórans sem miðað hafi að því að útvega lögreglumönnum við störf viðeigandi hlífðarbúnað þá ströngu daga sem mótmælin áttu sér stað. Þær bifreiðir sem hafi átt að fá lánaðar hingað til lands séu hluti af staðalbúnaði lögreglu í hvaða landi sem er. - jss

Borgarastríðið á Srí Lanka:

## Mannskætt sjálfsvígstilræði

**SRÍ LANKA, AP** **Kona grunuð um að vera úr röðum uppreisnarhreyfingar Tamílatígra drap í gær 20 stjórnarhermenn og átta óbreytta borgara í sjálfsvígssprengjutilræði á eftirlitsstöð þar sem hermenn voru önnum kafnir við að stýra straumi flóttafólks frá átakasvæðinu á norðurhluta eyjarinnar. Þar reynir fjölmennt lið stjórnarhersins nú að flæma síðustu sveitir uppreisnarhers Tamílatígra frá vígjum sínum.**

**Þetta var fyrsta sjálfsmorðssprengjutilræðið í meira en mánuð á Srí Lanka. Það þykir vísbending um að nú ætli skæruliðar Tamílatígra í auknum mæli að beita hryðjuverkum í baráttu sinni, eftir því sem hallar undan fæti hjá þeim hernaðarlega.** - aa



**NORRÆNAR LOFTVARNIR** Norskar orrustuþotur á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Norðurlöndin tryggi öryggi lofthelginnar

**Samkvæmt tillögum að efldu samstarfi Norðurlandanna á sviði utanríkis- og öryggismála, sem lagðar voru fram í gær, er mælt með að norrænu ríkin fjögur sem ráða yfir flugher axli ábyrgð á eftirliti og gæslu í íslensku lofthelginni.**

**UTANRÍKISMÁL** Norðurlönd ættu að taka ábyrgð á loftrýmiseftirliti og loftrýmisgæslu yfir Íslandi. Þetta er meðal þess sem lagt er til í skýrslu sem unnin var fyrir norrænu ráðherranefndina og afhent var í Osló í gær.

Það er Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, sem fór fyrir smíði skýrslunnar. Honum var falið það verkefni af norrænu utanríkisráðherrunum í júní á síðasta ári að vinna óháða skýrslu um norræna samvinnu í utanríkis- og öryggismálum næstu tíu til fimmtán árin. Það gerði hann í samstarfi við sérfræðinga frá öllum löndunum fimm.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra tók við skýrslunni fyrir hönd norrænu ráðherranefndarinnar í gær, en Ísland gegnir nú formennskunni í henni. Við það tækifæri sagði Össur, að hann teldi hugmyndina um norræna loftrýmisgæslu á Íslandi athyglisverða og hún yrði tekin til nánari umræðu hérlendis.

Á kynningarfundinum í norska utanríkisráðuneytinu í Osló í gær sagði Stoltenberg um tillöguna að „það sem gerist á og í kringum Ísland er mikilvægt, ekki bara fyrir Ísland heldur okkur öll“.

Í skýrslunni segir um þetta efni: „Í fyrsta áfanga gætu norrænu ríkin sent lið til herstöðvarinnar í Keflavík og tekið þátt í hinum reglulegu æfingum „Norðurvíkingur“ sem íslensk stjórnvöld skipuleggja. Í næsta áfanga gætu þau tekið yfir hluta af loftrýmisgæslunni sem NATO hefur skipulagt. Norræn samvinna um loftrýmisgæslu gæti þannig orðið fyrirmynd samstarfs milli aðildarríkja NATO og samstarfslanda í verkefninu „Samstarf í þágu friðar“ (e. Partnership for Peace).“

Alls eru í skýrslunni kynntar þrettán tillögur að efldu samstarfi Norðurlandanna á sviði utanríkis- og öryggismála. Auk loftrýmisgæslunnar snúa þær að friðargæslu, öryggi á norðurslóðum (ekki síst hinni væntanlegu siglingaleið yfir Norður-Íshaf), vörnum gegn tölvuárásum, samnýtingu sendiráða, norrænni samstöðuskyldu og fleiru.

Almennt tóku ráðherrarnir fimm undir tillögur Stoltenbergs, sem verða útfærðar nánar og ræddar á næsta fundi ráðherranna, sem haldinn verður í Reykjavík í vor.

audunn@frettabladid.is



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**



**THORVALD STOLTENBERG**

Utanríkisráðherra Finnlands:

## Áhugaverðar tillögur

**FINNLAND** **Alexander Stubb, utanríkisráðherra Finnlands, telur tillögur Thorvalds Stoltenberg um varnarsamstarf Norðurlandanna áhugaverðar en inn á milli séu vafalaust óraunhæfar tillögur því að þjóðirnar hafi viljað fá djarfar hugmyndir. Hann segir að finnsk stjórnvöld geti velt þessum tillögum fyrir sér fram í apríl þegar norrænu utanríkisráðherrarnir hittast aftur til að ræða þær.**

**Stubb segir að tillögurnar gangi ekki út á varnarbandalag norrænna þjóða. „Þetta er ekki hægt að kalla varnarbandalag. Finnland verður áfram óháð land sem ekki tilheyrir neinu varnarbandalagi,“ segir hann í viðtali við Helsingin Sanomat.** - ghs

Jóhanna Sigurðardóttir:

## Stokkað upp í bankaráðunum

**ALÞINGI** Endurskoðun á skipan bankaráða ríkisbankanna þriggja er eitt af því sem ný ríkisstjórn ætlar að taka til skoðunar.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra upplýsti það í svari við fyrirspurn Geirs H. Haarde, Sjálfstæðisflokki, á Alþingi í gær.

Geir kvaðst telja að vel hefði tekist til við skipan í ráðin og undraðist að nýja ríkisstjórnin ætlaði að „hreinsa út“ þar líkt og víða annars staðar.

Jóhanna mótmælti því að um hreinsanir væri að ræða; ríkisstjórnin viðhefði aðeins eðlilega stjórnsýslu. - bþs


Gólfdúkur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið hjarta heimilisins
Svefnherbergið þægilegt andrúmsloft
Forstofan einfaldara verður það ekki
Stofan alltaf jafn heimilislegt
Baðherbergið hlýtt og mjúkt undir fæti

forbo FLOORING SYSTEMS
Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.
Sérverslun með gólfdúk og teppi
KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510
OTTÓ AUGLÝSINGASTOFA



# VORÖNN 2009

## Kerfisstjórnun - grunnnám

Frábær byrjun fyrir jafnt konur og karla sem vilja leggja fyrir sig starf á tæknisviði í tölvugeiranum en hafa enga reynslu af rekstri og viðhaldi tölva og tölvukerfa. Þetta nám veitir jafnframt þrjár eftirsóttar og viðurkenndar prófgráður, A+, Network+ og Windows Vista Configuration.

Þessi námsbraut hentar einnig þeim sem vilja fá ítarlegan skilning á vélbúnaði tölva, stýri og netkerfum sem „ofurnotendur" (super user) eða til að meta hvort þessi vettvangur hentar þeim og áhugi liggi á enn frekari sérfræðinámi. Fólk sem útskrifast af þessari braut er strax gjaldgengt og eftirsótt til starfa í ýmis þjónustustörf við tölvur og netkerfi og á þjónustuborðum fyrirtækja.

**Inntökuskilyrði**
Almennur áhugi fyrir tölvu og upplýsingatækni ásamt lestrarfærni í ensku.

**Viðfangsefni**
- » A+ frá CompTIA. Virt og gagnleg prófgráða sem tekur fyrir vélbúnaðinn, bilanagreiningu og tölvuviðgerðir.
- » Network+ Uppsetning, stilling og bilanagreining netkerfa.
- » Windows Vista configuration. Uppsetning, stilling og umsjón með tölvum sem keyra á Windows Vista stýrirkerfinu.

Næsta námskeið hefst 24. febrúar og lýkur 3. apríl.
Kennt er virka daga kl. 8:30 – 12:00. Lengd: 150 std

**Verð kr. 298.000,- Allt kennsluefni og fjögur tilskilin próf innifalin.**

## Cisco Certified Network Associate

Cisco Certified Network Associate gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á. Gráðan hentar þeim sem vilja verða sérfræðingar í uppbyggingu á nútíma tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum á nær- og víðnetum.

Námið hentar jafnt þeim, sem hafa grunnþekkingu á tölvu- og netkerfi og langar að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði, sem og Microsoft tæknimönnum sem vilja efla þekkingu sína á netkerfum.

**Að námskeiði loknu eiga nemendur m.a. að geta:**
- » sett up tölvunet og vitað hvernig þau eru uppbyggð
- » skilið og skilgreint samskiptastaðla, aðallega TCP/IP
- » notað subnetting-tækni og VLSM
- » sett upp einfalda routera (beina) og switcha (skipta) með CISCO IOS stýrikerfi
- » kunnað skil á routing-protocols s.s. IGRP, EIGRP OSPF og RIP
- » kunnað skil á Layer-2 skiptum og VLAN
- » bilanagreint í einföldum netum
- » sett upp access-lista til að stjórna netumferð
- » kunna skil á protocolum sem notaðir eru í víðnetum s.s. Frame-Relay og PPP

**Verð kr. 290.000,- innifalið er allt kennsluefni.**

CompTIA Learning Alliance CompTIA Approved Training · Windows Vista · Cisco Systems

## Möguleikar fyrir atvinnulausa!

Atvinnulausum gefst kostur á að skrá sig á nokkur námskeið sem haldin eru í skólanum á vegum Vinnumálastofnunar og eru þessi námskeið atvinnulausum að kostnaðarlausu. Skráning fer fram hjá Vinnumálastofnun. Jafnframt niðurgreiðir Vinnumálastofnun námskeið um allt að 50% skv. nánari reglum þar um en styrkupphæð getur þó ekki orðið hærri en 70 þús. Kynntu þér málið nánar hjá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar.

**Flest stéttarfélög styrkja auk þess félagsmenn sína myndarlega til náms hjá okkur. Kynntu þér rétt þinn hjá þínu stéttarfélagi.**



| Sérfræðinámskeið á næstunni | St.fj | Hefst |
|---|---|---|
| A+ CompTIA | 50 std | 24. feb |
| Network+ | 50 std | 10. mars |
| Linux+ | 50 std | 2. apríl |
| Exchange Server 2007 | 50 std | 5. maí |
| Exchange Server 2007 Uppfærsla úr eldri útgáfum | 30 std | 14. apríl |
| MCDST | 50 std | 10. feb |
| MCTS SQL Server 2008 – Innleiðing og rekstur | 100 std | 17. feb |
| MS Office Communication Server 2007 - OCS | 50 std | 18. feb |
| MS Windows PowerShell | 30 std | 2. mars |
| Windows Vista configuration - Windows 7 kynning | 50 std | 23. mars |
| MCTS Network Infrastructure | 50 std | 3. mars |
| WinServer 2008 Active Directory (dagnámskeið) | 50 std | 9. mars |
| Windows 2008 Server Administrator | 50 std | 31. mars |

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 113 **Velta:** 341 milljóni

| OMX ÍSLAND 15 | | OMX ÍSLAND 6 | |
|---|---|---|---|
| 322 | +1,43% | 952 | +2,68% |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| STRAUM.-BURÐA. | 14,43% | MAREL FOOD SYST. | 2,64% |
| BAKKAVÖR | 1,49% | ÖSSUR | 0,62% |
| | | FØROYA BANKI | 0,43% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,89 +0,00% ... Atlantic Airways 166,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 565,00 +0,00% ... Bakkavör 2,04 +1,49% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 117,00 -0,43% ... Icelandair Group 13,40 +0,00% ... Marel Food Systems 59,00 -2,64% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 2,22 +14,43% ... Össur 96,70 -0,62%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Fjórðungur forðans nálgast gjalddaga

Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands dróst saman um sem nemur 65,2 milljarða í janúar, eða um 15,2 prósent. Um áramót stóð gjaldeyrisforðinn í 429,4 milljörðum en var í lok janúar kominn í 364,2 milljarða króna.

Þá kemur fram í tölum Seðlabankans að á næstu 30 dögum séu tæplega 89,4 milljarðar króna af forðanum, gjaldeyrislán, verðbréf og innstæður, á gjalddaga. Séu þær greiðslur dregnar frá gjaldeyrisforðanum um áramót stendur hann í tæpum 275 milljörðum. Upphæðin sem er á gjalddaga nemur rétt tæpum fjórðungi gjaldeyrisforðans.

Komið hefur fram gagnrýni frá hagfræðingum sem fjallað hafa um efnahagsmál á að gjaldeyrisforði Seðlabankans kunni að vera ofmetinn vegna þess hve stór hluti hans hefur verið á gjalddaga á hverjum tíma. Því nýtist ekki nema hluti hans sem neyðarforði, komi til þess að grípa þurfi til forðans. Um áramót voru rúm 30 prósent á gjalddaga á næstu 30 dögum.

Á vef Seðlabankans kemur fram að erlend verðbréf, sem nema rúmum helmingi af gjaldeyrisforðanum, hafi lækkað um 28,6 milljarða króna í janúar og seðlar og innstæður hafi lækkað um 37 milljarða. **- óká**



**KULDALEGUR SEÐLABANKI** Seðlabanki Íslands hefur birt upplýsingar um stöðu gjaldeyrisvaraforðans um síðustu mánaðamót. Hann hefur heldur dregist saman. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Mikill samdráttur hjá Danske Bank

Danske Bank, umsvifamesta fjármálafyrirtæki Danaveldis, hefur þurft að leita á náðir danska ríkisins eftir fjármagni í kjölfar gríðarlegs samdráttar á síðasta ári. Þá hefur verið gefið út að 350 starfsmönnum bankans verði sagt upp.

Hagnaður bankans nam einum milljarði danskra króna á síðasta ári. Það jafngildir tæpum tuttugu milljörðum íslenskra, og er langt undir væntingum. Í hittifyrra var hagnaðurinn fimmtánfalt meiri og því um verulegan samdrátt að ræða.

Mestu munar um afskriftir lána og niðurfærslu á viðskiptavild National Irish Bank, sem er í eigu Danske Bank.

Forsvarsmenn Danske Bank hafa tilkynnt að þeir ætli að leita í björgunarsjóð hins opinbera og óski eftir 26 milljörðum danskra króna til að mæta samdrættinum.

„Við erum að fara í gegnum verstu þrengingar síðan í síðustu stóru kreppu," segir Peter Strarup bankastjóri í samtali við Jyllands-Posten. **- jab**



**STÚRINN BANKASTJÓRI** Umsvifamesti banki Danmerkur ætlar að sækja sér aur í sjóði hins opinbera. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nissan boðar harðar aðgerðir

Japanski bílaframleiðandinn Nissan ætlar að grípa til viðamikilla aðgerða til að mæta snörpum samdrætti.

Á meðal aðgerðanna er opinber aðstoð frá Japan og víðar, launalækkun á línuna og flutningur á framleiðslu bíla út fyrir landsteinana. Þá verður tuttugu þúsund starfsmönnum sagt upp störfum.

Uppsagnahrinan hefst við upphaf nýs rekstrarárs í marslok og stendur fram á næsta ár. Þetta jafngildir 8,5 prósentum af öllu starfsfólki Nissan.

Búist er við að tap fyrirtækisins á árinu nemi 265 milljörðum jena, jafnvirði 327 milljarða króna.

Sala á nýjum bílum undir merkjum Nissan dróst saman um 18,6 prósent á milli ára í desember í fyrra auk þess sem styrking jensins hefur komið sér illa fyrir útflutningsfyrirtæki á borð við Nissan. **- jab**



**NASDAQ OMX ICELAND VIÐ LAUGAVEG** Í janúar voru mest viðskipti með hlutabréf Marel Food Systems í Kauphöllinni, rúmur 1,1 milljarður króna í 179 viðskiptum. Viðskipti með þrjú veltumestu félögin námu um 89 prósentum heildarviðskiptanna í mánuðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Skuldabréfin ennþá í sókn

**Viðskipti með skuldabréf í janúar voru þau mestu í einum mánuði frá bankahruni. Heildarviðskipti með hlutabréf námu þremur milljörðum króna.**

Heildarviðskipti með hlutabréf námu þremur milljörðum króna í Kauphöllinni í janúar, eða 149 milljónum á dag að meðaltali. Á sama tíma í fyrra var heildarveltan rúmir 199 milljarðar króna.

Í lok janúar var markaðsvirði skráðra fyrirtækja 207 milljarðar króna. Úrvalsvísitalan (OMXI6) stóð í 904,38 stigum í lok síðasta mánaðar og heildarvísitalan (OMXIPI) stóð í 519,30.

Þetta kemur fram í janúaryfirliti Nasdaq OMX Iceland og Nasdaq OMX Nordic sem gefið var út í gær.

„Mest viðskipti voru með Marel í síðastliðnum mánuði, eða rúmur 1,1 milljarður í 179 viðskiptum. Næst á eftir var Straumur-Burðarás með rúmar 960 milljónir í 779 viðskiptum og síðan námu viðskipti með Össur rúmum 800 milljónum í 163 viðskiptum," segir í yfirliti Kauphallarinnar. Viðskipti með þrjú veltumestu félögin námu rétt um 89 prósentum af heildarviðskiptum á Aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland.

Þá kemur fram að Saga Capital hafi verið með mestu hlutdeild kauphallaraðila á hlutabréfamarkaði í janúar, eða 24,7 prósent. Næst komu Nýi Kaupþing banki með 16,9 prósenta hlut, Nýi Glitnir banki 16,7 prósent og Nýi Landsbankinn (NBI) með 15 prósent.

Heildarviðskipti með skuldabréf í janúar voru hins vegar þau mestu í einum mánuði frá bankahruninu í október. „Viðskiptin námu alls 195 milljörðum. Veltumestu flokkarnir voru RIKB 10 1210 (30 milljarðar) og HFF 150224 (23 milljarðar). Markaðsvirði skráðra bréfa nam 1.690 milljörðum í lok janúarmánaðar."

Með mesta hlutdeild kauphallaraðila á skuldabréfamarkaði var Nýi Glitnir með 22,1 prósents hlut. Á eftir fylgdu Straumur-Burðarás, MP Banki og Nýja Kaupþing.

Helst er það svo að frétta úr samtölum norrænu kauphallarsamstæðunnar NASDAQ OMX Nordic að metvelta var með finnskar afleiður. Í janúar voru í finnsku kauphöllinni gerðir ríflega 2,9 milljónir samninga, en fyrra met var tæplega 2,6 milljónir samninga í apríl 2004.

Í norrænu samstæðunni nam dagleg velta á hlutabréfamarkaði að meðaltali 353,8 milljörðum króna sem er nokkur samdráttur því hún var 434,5 milljarðar miðað við síðustu 12 mánuði. Heildarmarkaðsvirði fyrirtækja á NASDAQ OMX Nordic var 61.361 milljarður íslenskra króna, samkvæmt upplýsingum kauphallarsamstæðunnar, en var 76.756 milljarðar króna í janúar í fyrra. **- óká**


Við mælum heyrnina þína ókeypis!

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu næst þegar þú átt leið í Kringluna. Það tekur aðeins stutta stund að fá heyrn sína mælda, en getur bætt lífsgæði þín um alla framtíð.

- Öll þjónusta við heyrnartækjanotendur
- Hágæða heyrnartæki
- Ráðgjöf, viðgerðarþjónusta, tæknilausnir
- Starfsfólk með áratuga reynslu

TRYGGINGASTOFNUN TEKUR ÞÁTT Í GREIÐSLU HEYRNARTÆKJA!

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Tímapantanir frá 9-18 í síma 568 7777 • www.heyrnarstodin.is


# Kreppa í Lettlandi

Kreppa hefur numið land í Lettlandi. Hagvöxtur þar dróst saman um 10,5 prósent á milli ára á fjórða ársfjórðungi í fyrra, samkvæmt bráðabirgðatölum hagstofu landsins, sem birtar voru í gær. Þetta kemur til viðbótar 4,6 prósenta samdrætti á þriðja fjórðungi í fyrra.

Samkvæmt svokölluðum þumalfingursreglum er kreppa runnin upp þegar hagkerfið dregst saman tvo ársfjórðunga í röð.

Þetta er mesti samdráttur sem mældist innan aðildarríkja Evrópusambandsins á fjórðungnum. Ekki batnar það þegar rýnt er í verðbólguna, sem mældist 17,9 prósent þar í landi í maí í fyrra. Hærri tölur sjást ekki innan aðildarríkja ESB, samkvæmt Associated Press-fréttastofunni. **- jab**




# Fjölbreyttustu sturtulausnir á Íslandi

til afgreiðslu af lager

## Eitt hagstæðasta verð á markaðnum

## Walk-in stærðir

| | |
|---|---|
| 30 x 220 sm | 100 x 220 sm |
| 70 x 220 sm | 110 x 220 sm |
| 80 x 220 sm | 120 x 220 sm |
| 90 x 220 sm | |

# Walk-in STURTUSKJÓL



8 -10 mm
rammalaust
öryggisgler

## HURÐIR OG VEGGIR

GLERVEGGIR með hurð
60, 70, 75, 80, 85, 90, 95, 100, 105, 110, 115, 120, 125, 130, 135, 140, 145, 150, 155, 160, 165, 170, 175 og 180 sm

GLERENDAVEGGIR
70 sm, 80 sm, 90 sm, 100 sm og 110 sm



Verð frá kr. 24.200,- stgr.

## BAÐKARSHLÍFAR

76x130, 85x140, 120x150, 60x150 og 80x150 sm

## STURTUHORN

KANTAÐ: 80x80, 90x90 RÚNAÐ: 80x80, 90x90 sm




Verð frá kr. 42.900,- stgr.




## STURTUKLEFAR

Hert öryggisgler allan hringinn

KANTAÐUR: 70x70, 75x75, 80x80, 90x90 sm
RÚNAÐUR: 80x80, 90x90 sm

til afgreiðslu af lager

Sturtustangasett með 15cm sturtuhaus sem hefur 5 mismunadi stillingar, sturtubotn m/ botnstk, vatnslás og barka til að tengja.




70x70 sm Verð kr. 104.900,- stgr.




75x75 sm Verð kr. 108.900,- stgr.




80x80 sm Verð kr. 112.900,- stgr.




90x90 sm Verð kr. 118.900,- stgr.




80x80 sm Verð kr. 118.900,- stgr.




90x90 sm Verð kr. 122.900,- stgr.

kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fortíðarvandi peningamálanna í algleymi:

## Framtíðarvandinn

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Deila forsætisráðherra og bankastjórnar Seðlabankans er fortíðarvandi. Að réttu lagi hefði bankastjórnin átt að leysa það mál sjálf og ótilkvödd á sama tíma og stjórnendur viðskiptabankanna fóru frá. þá var gjaldmiðillinn hruninn og verðbólgumarkmiðið fokið út í veður og vind.

Búsáhaldabyltinguna og ríkisstjórnarskiptin má rekja til þess að bankastjórnin skynjaði ekki þennan veruleika. Bréfaskipti forsætisráðherra við einstaka bankastjórnarmenn eru orðin að broslegum vindmylluslag. Þau benda til þess að forsætisráðherrann telji sig ekki hafa lögmæt rök til frávikningar.

Frumvarp forsætisráðherra um breytt skipulag á yfirstjórn Seðlabankans leysir á hinn bóginn þann vanda. Frumvarpið staðfestir aftur á móti að nýja ríkisstjórnin er sama marki brennd og fyrri ríkisstjórn. Hún skilar auðu um þá stefnu sem fylgja á í peningamálum. Það stefnuleysi mun draga kreppuna á langinn og gera hana dýpri en vera þyrfti.

Rétt eins og fortíðarvandinn hverfist um seðlabankastjórana snýst framtíðarvandinn um ríkisstjórnina. Bráðabirgðaráðstafanir án framtíðarmarkmiða duga skammt. Það sem verra er: seðlabankafrumvarpinu fylgja engar lýsingar á þeim skyndiráðstöfunum sem breyta eiga Seðlabankanum úr gjaldeyrisskömmtunarskrifstofu í seðlabanka á ný. Enn síður geymir frumvarpið hugmyndir um framtíðarstefnu.

Ríkisstjórnin þarf að gera grein fyrir því hvernig hún ætlar að tryggja neytendum eðlilegt jafnvægisgengi og sannfæra innstæðueigendur í bönkunum á sama tíma að ástæðulaust sé að fara með peningana úr landi. Ætli ríkisstjórnin hins vegar að sætta sig við viðvarandi gjaldeyrishöft þarf að segja það.

Ugglaust er enn unnt að ná meiri hagræðingu í sjávarútvegi. Hann stendur hins vegar ekki undir miklum vexti í framtíðinni. Á næstu árum eru því einnig takmörk sett hversu orkusala getur staðið undir miklum vexti. Öll önnur atvinnustarfsemi kallar á sambærilegt efnahagsumhverfi og gerist og gengur annars staðar. Stöðugleiki í peningamálum ræður úrslitum í því efni.

Ekkert bendir til að gömlu hefðbundnu atvinnugreinarnar standi undir lífskjörum og velferð sem jafna má til þess sem gerist á Norðurlöndunum. Meira þarf til svo að það mark náist á ný. Hér þurfa einfaldlega að spretta upp ný fyrirtæki í alþjóðlega samkeppnishæfu umhverfi. Það umhverfi þarf að skapa. Þar má engan tíma missa.

Framtíðarstefna í peningamálum er því ekkert aukaatriði eins og ríkisstjórnin og stjórnarandstaðan reyna að telja fólkinu í landinu trú um. Gagnrýni stjórnarandstöðunnar á seðlabankafrumvarpið hefur lotið að því hvernig ríkisstjórnin tekur á fortíðarvanda peningastefnunnar. Að réttu lagi ætti hún að beinast að framtíðinni og því algjöra ráðleysi sem við blasir þegar spurt er á hvaða grunni reisa á nýtt fjármála- og peningakerfi.

Fyrir utan að taka ekki á raunverulegum vanda peningastefnunnar eru alvarlegir gallar á frumvarpi ríkisstjórnarinnar. Seðlabankastjóranum eru til dæmis ætluð of mikil völd við val á peningastefnunefnd. Atvinnulífið og háskólasamfélagið hafa enga aðkomu að bankaráðinu. Í ljósi skorts á samhæfingu stefnunnar í ríkisfjármálum og peningamálum væri aukheldur rétt að fela fjármálaráðherra yfirstjórn peningamálanna.

Óvissan um framtíðarstefnuna er þó kjarni vandans.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki sannspá

Ríkisstjórnin leggur mikið kapp á að koma Davíð Oddssyni úr starfi seðlabankastjóra en hann hyggst sitja sem fastast. Davíð hefur setið í Seðlabankanum frá árinu 2005, þegar hann hvarf úr embætti utanríkisráðherra. Ákvörðun hans um að fara í Seðlabankann kom pólitískum andstæðingum hans á óvart. „Hins vegar er erfitt að halda því fram að maður sem hefur stýrt efnahagsmálum þjóðarinnar í þrettán ár sé ekki hæfur til að vera seðlabankastjóri," sagði þó Össur Skarphéðinsson og undir það tók Ingibjörg Sólrún Gísladóttir: „Það er samt enginn vafi á því að hann er mjög hæfur til að setjast í bankastjórastólinn hafandi tekið þátt í að stjórna efnahagsmálunum hér um langt skeið." Þau reyndust ekki sérstaklega sannspá.



### … síðar en margir ætla

Össur hitti hins aftur á móti naglann á höfuðið í viðtali við Fréttablaðið á fyrri hluta árs 2004, þegar stutt var í að Davíð hyrfi úr embætti forsætisráðherra. Össur var spurður hvaða eftirmæli hann héldi að Davíð fengi í sögunni. „Það skal ég segja þér þegar hann hættir í stjórnmálum," svaraði Össur. „Ég veit hins vegar ekkert hvenær það verður en hef á tilfinningunni að það kunni að verða síðar en margir ætla."

### Eins og ekkert hafi í skorist

Annars er býsna magnað að fylgjast með hörðustu stuðningsmönnum Davíðs þessa dagana, sem láta eins og Seðlabankinn njóti trausts í hvívetna, bæði innan lands og utan, skrifa samhljóðandi greinar, grafa upp gamlar ræður um lagabreytinguna 2001 og skilja ekkert í því að nýja ríkisstjórnin vilji gera breytingar nú. Það sem gerst hefur síðan þá er hins vegar það að heimsbyggðin gjörvöll telur Davíð Oddsson lélegan seðlabankastjóra. Við því þarf að bregðast.



**bergsteinn@frettabladid.is**

## Afglöp Davíðs Oddssonar



**SIGURÐUR EINARSSON**
**Í DAG** | Efnahagsstjórn

Á föstudaginn ritaði Kjartan Gunnarsson, fyrrum varaformaður stjórnar Landsbankans, grein í Morgunblaðið þar sem hann hélt því fram að ekki væri hægt að reka Davíð Oddsson úr starfi seðlabankastjóra þar sem hann hefði ekki orðið uppvís að neinum afglöpum í starfi. Það er rangt.

Raunar má segja Davíð Oddssyni það til varnar að honum hafi ekki verið neinn greiði gerður með skipan í embætti seðlabankastjóra. Davíð er fyrst og fremst stjórnmálamaður af gamla skólanum. Hans heimavöllur var ekki hinn flókni heimur alþjóðlegra viðskipta. Á það benti raunar Davíð sjálfur í Kastljósviðtali haustið 2006 þegar hann lýsti því yfir að eftir að hann tók við starfi seðlabankastjóra hefði hann fljótt komist að því að hann væri „vitlausasti" maðurinn á staðnum. „Og þar lenti ég í, menn sátu í umræðum og ég skildi ekki helminginn af því sem menn voru að segja af því að menn nota svona annan talsmáta og þess háttar." En þótt Davíð hafi verið gerður bjarnargreiði með skipan í starf seðlabankastjóra er nauðsynlegt að leiðrétta þau mistök.

Meðal afglapa Davíðs má nefna:

- Ákvörðun seðlabankastjóra, með fulltingi ríkisstjórnarinnar, að þjóðnýta Glitni sem varð til þess að fjármálakerfið á Íslandi hrundi á örskotsstundu. Þessi ákvörðun sem allir, innan lands sem utan, sáu að var mjög ótrúverðug, olli hámarkstjóni fyrir íslensku þjóðina.

- Yfirlýsingar seðlabankastjóra í frægu Kastljósviðtali um að ríkissjóður yrði því sem næst skuldlaus eftir fall bankanna lýsir kolröngu stöðumati og augljósu vanhæfi. Davíð gerði sér augljóslega heldur ekki grein fyrir slæmum áhrifum bankahrunsins á útflutningsatvinnuvegina.

- Undir stjórn Davíðs varð Seðlabankinn gjaldþrota og fellur sá kostnaður á skattgreiðendur. Vel hefði mátt koma í veg fyrir það og lán til smárra fjármálastofnana sem námu allt að 13 földu eigin fé þeirra. Þetta bendir ef til vill til þess að Seðlabankinn hefði heldur átt að lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins, fremur en að færa ætti Fjármálaeftirlitið í Seðlabankann.

- Fréttatilkynningar Seðlabankans um hið svokallaða Rússalán eyðilögðu þann litla trúverðugleika sem Ísland þó naut enn á alþjóðavettvangi.

- Ákvörðun Seðlabankans um afnám bindiskyldu á erlend útibú íslenskra fjármálastofnana í apríl. Sér í lagi þar sem Davíð hefur síðar haldið fram að í febrúar hafi hann gert sér grein fyrir að í óefni stefndi á íslenskum fjármálamarkaði.

- Við í Kaupþingi fengum það fljótlega á tilfinninguna að Davíð Oddsson gætti ekki trúnaðar við viðmælendur sína sem seðlabankastjóri. Í okkar huga var það hætt að vera tilviljun þegar fréttir birtust um bankann í Morgunblaðinu undir pennaheitinu Agnes Bragadóttir í kjölfar „trúnaðarfunda" okkar með seðlabankastjóra.

- Seðlabanki Íslands hafði eftirlit með stöðugleika íslenska fjármálakerfisins og lausafjárstöðu og hafði ýmis formleg úrræði til að sinna því hlutverki sínu auk þess sem forráðamenn bankans gátu beitt fortölum. Því verkefni var ekki sinnt. Davíð hefur sjálfur haldið því fram að hann hafi haft uppi stór orð um bankana. Ég hef sjálfur kynnst því, að á mannamótum getur Davíð orðið illskeyttur og hvassyrtur. Þannig að ég skal ekki fullyrða um hvað hann kann að hafa sagt við menn. Það er hins vegar ekki aðalatriðið, aðalatriðið er hvaða tillögur til úrbóta seðlabankastjóri gerði. Mér vitanlega voru þær engar.

Margir vita að Davíð var eitursnjall í samskiptum sínum við fjölmiðla og hafa margir andstæðingar hans fengið að kynnast því. Undanfarnar vikur hef ég fylgst með því hvernig aðilar tengdir honum beita „leka"-tækni af mikilli fimi gagnvart Kaupþingi.

Ég skil vel að vinum Davíðs Oddssonar þyki leitt að hann skuli þurfa að víkja, þetta er sorglegur endir á annars um margt mögnuðum ferli. Listinn hér að ofan er auðvitað engan veginn tæmandi en ég tel að hann sýni glöggt þörfina á að Davíð víki. Verstu afglöp Davíðs í embætti seðlabankastjóra eru ef til vill þau að víkja ekki þegar allt er í óefni komið og taka þannig almannahag fram yfir eigin metnað.

*Höfundur er með meistaragráðu í hagfræði og hefur starfað í bönkum víða í Evrópu í rúma tvo áratugi.*

## Vaxtaverkir

**UMRÆÐAN**
Ari Teitsson skrifar um stýrivexti



**ARI TEITSSON**

Þeim fjölgar sem gera sér grein fyrir að ekki verður lengur unað við þá vexti sem íslenskir lántakendur, jafnt fyrirtæki og heimili, búa við.

Í Silfri Egils á sunnudag kom m.a. skýrt fram hjá viðmælendum hve vonlaust er að ætla almenningi og fyrirtækjum þá byrði. Jafnframt virðist hátt vaxtastig fæla mjög frá nýrri lántöku sem þýðir enn frekari stöðnun og atvinnuleysi.

**Hvers vegna eru vextir þá ekki lækkaðir?**

*Samningar við AGS leyfa slíkt ekki*. Miklar efasemdir eru um slíka fullyrðingu, bæði er óljóst hvernig var um vexti samið og einnig að AGS vilji í raun skapa þá vonlausu stöðu sem við blasir.

*Vextir verða að fylgja verðbólgu*. Í sjálfu sér rökrétt að vissu marki en í raun er ekki verðbólga. Laun fara hratt lækkandi, atvinnuleysi eykst og kaupgeta minnkar hratt, fólk kaupir ódýrari vöru og minna af flestu, húsnæðisverð lækkar, jafnt kaup og leiga.

Færa má þannig rök fyrir að sé horft á neyslu fólksins sé í raun verðhjöðnun.

*Stýrivextir Seðlabanka ráða vaxtastigi*. Ekki endilega rétt. Vextir verðtryggðra lána lítt háðir ákvörðunum Seðlabanka. Ekki heldur sjálfgefið að aðrir vextir fylgi stýrivöxtum við þær félagslegu og fjárhaglegu aðstæður sem hér blasa við.

**Hvað er til ráða?**

Ný ríkisstjórn hefur lofað skjótum úrræðum til bjargar fyrirtækjum og atvinnulífi. Fjármálaráðherra þeirrar ríkisstjórnar fer með yfirstjórn stærsta hluta íslensks bankakerfis og getur lagt til að bankar á hans forræði lækki vexti þegar í stað, jafnt verðtryggða sem óverðtryggða og jafnt útlán og innlán. Meiri hluti annarrar bankastarfsemi er á höndum sparisjóðanna sem þegar hafa velt fyrir sér einhliða lækkun vaxta og því ekki að vænta andstöðu við vaxtabreytingar úr þeirri átt.

Næsti vaxtaákvörðunardagur er 10. febrúar. Lækkun vaxta á þeim degi þó í litlu væri myndi vera ljós í því myrkri sem nú grúfir yfir þjóðinni.

*Höfundur er formaður stjórnar Sparisjóðs Suður-Þingeyinga.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**ALÞJÓÐLEGI NETÖRYGGISDAGURINN** er í dag. Í tilefni af því stendur SAFT fyrir málþingi um rafrænt einelti í Skriðu, Háskóla Íslands, við Stakkahlíð frá klukkan 14.30 til 16.15. Gestir eru beðnir um að tilkynna þátttöku á saft@saft.is.






Fyrir dömur og herra.

Nýkomið úrval af vönduðum kuldaskóm úr leðri, gæruskinnfóðraðir. Margar gerðir.

Dömuskór, verð frá: 19.700.- til 21.700.-
Herraskór,verð frá: 15.900. - til 24.775.-

**Misty skór**

*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*

Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

Auglýsingasími 512 5447

;ALLT



**Patti húsgögn**

**Landsins mesta úrval af íslenskum sófum**

Íslensk framleiðsla
Íslensk hönnun
Íslensk framtíð



Roma 3ja sæta sófi
kr. 115.110,-

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16

**SKÓGARSETRIÐ**

*Næstu viðburðir og námskeið:*

**Heilunarskólinn:**

**GRUNNNÁMSKEIÐ Í MIÐLUN**
2ja kvölda námskeið 23.og 24. febr. nk.

**REIKI I**
2ja kvölda námskeið 9. og 10. mars nk.

**TAROT NÁMSKEIÐ**
3ja kvölda námskeið 23. – 25. mars nk.

Skráning og uppl. í síma 5551727 ,
sigrun@skogarsetrid.is og www.skogarsetrid.is




Magnús á langan og farsælan feril að baki í badminton og hefur verið að keppa á Evrópumótaröðinni undanfarna mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Afrek í öllum greinum

**Magnús Ingi Helgason byrjaði ungur að æfa badminton og hefur unnið titla í öllum aldursflokkum þess. Fram undan er Evrópumót landsliða í vikunni þar sem Magnús reiknar með að ná ágætisárangri.**

„Ég hef verið að æfa tvisvar á dag alla virka daga, líka á laugardögum, frá einum og hálfum upp í tvo tíma í allan vetur og líka síðasta sumar," segir Magnús Ingi Helgason, Íslandsmeistari í tvíliða og tvenndarleik í badminton, sem undirbýr sig nú fyrir Evrópumót landsliða sem fer fram dagana 11. til 14. febrúar í Liverpool. „Við Helgi Jóhannesson höfum verið að keppa á Evrópumótaröðinni og þetta er framhald af því."

Magnús segist hafa tekið þátt í keppninni áður; tvisvar í a-keppni og jafn oft í b-keppni. „Í fyrra skiptið sem við tókum þátt í a duttum við niður í b og komumst ekki í a í næsta b. Við unnum hins vegar b árið 2007 og lentum í 13. sæti í a 2008," útskýrir Magnús. Hann telur raunhæft að stefna á annað sætið í ár í riðlinum leiki lánið við íslenska liðið, sem þau Magnús, Helgi og Atli Jóhannessynir, Karítas Ólafsdóttir, Snjólaug Jóhannsdóttir og Tinna Helgadóttir, systir Magnúsar, skipa.

Magnús segir þau systkini, sem eru Íslandsmeistarar í tvenndarleik, hafa spilað saman síðan 2002. „Reyndar er óalgengt að systkini leiki saman, að minnsta kosti til lengdar. En við erum sæmilega samheldin. Rífumst ekki á vellinum. Skiljum ágreiningsefnin eftir fyrir utan hann," segir Magnús. Hann æfir ásamt systur sinni hjá TBR, en bæði þjálfuðu áður undir leiðsögn föður síns, Helga Magnússonar hjá Víkingi. Það var einmitt fyrir tilstuðlan hans sem Magnús byrjaði að æfa badminton fimm ára og varð þess fljótt áskynja að hann vildi leggja íþróttina fyrir sig. „Ég fann að ég var betri í þessu en fótbolta þannig að badminton varð ofan á þótt það séu kannski meiri peningar í boltanum."

Magnús, sem er 29 ára, hefur því æft badminton í ein 24 ár og er hvergi nærri hættur. „Nei, ég á nokkur ár inni þar sem ferillinn er alltaf að lengjast í badminton eins og í öðrum íþróttagreinum. Broddi Kristjánsson er til dæmis enn að spila, 49 ára gamall, og hann var í úrslitum í tvíliðaleik á Íslandsmótinu í fyrra," bendir hann á og bætir við að utan keppninnar í Liverpool sé ýmislegt á döfinni. „Vonandi náum við inn á HM landsliða í Kína í maí ef fjármunir leyfa og svo á HM í haust, sem er stærsti viðburðurinn," segir hann bjartsýnn.

*roald@frettabladid.is*


LYFJA
– Lifið heil

www.lyfja.is

ÍSLENSKA/SIA.IS LYF 44832 01/09



**20% verðlækkun+**
NERVIDIX
Segðu BLESS við taugaóróa og stress. Upplifðu innri frið og skýrari fókus – 100% náttúruleg formúla.
~~1.867 kr.~~ **1.494 kr.**



**20% verðlækkun+**
DEPRIDIX
Segðu BLESS við depurð og tómleikatilfinningu. Finndu lífsorkuna á ný – 100% náttúruleg formúla.
~~1.867 kr.~~ **1.494 kr.**



**20% verðlækkun+**
ENERGIX
Segðu BLESS við orkuleysi. Örvaðu orkuflæðið og einbeitinguna – 100% náttúruleg formúla.
~~1.867 kr.~~ **1.494 kr.**

**Lægra verð í Lyfju**

+ Gildir til 15. 2. 09

**MÁLSTOFA** um að lifa með banvænan sjúkdóm verður haldin á vegum Rannsóknastofnunar HÍ og LSH í hjúkrunarfræðum hinn 16. febrúar. Málstofan verður haldin í Eirbergi, Eiríksgötu 34, í stofu C-201 á 2. hæð, frá klukkan 12.10 til 12.50. Allir velkomnir.




**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**10. feb. Mataræði fyrr og nú - Næring í víðari skilningi**
*Haraldur Magnússon osteópati*
**12. feb. Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?**
*Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari*
**17. feb. Ævintýralíf**
*Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi*
**19. feb. Goodheart hlátur- markþjálfun**
*Kristján Helgason*
**24. feb. Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli!**
*Edda Björgvins leikkona*
**25. feb. Spa dekur**
*Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir*



ÞAÐ ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

Að samræma hollt mataræði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri

System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 29.900.-

Heimir Karlsson

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið




Hjá Ritara starfa fjórir læknaritarar með margvíslega reynslu og kunnáttu. Hér sjást Ellen María Þórólfsdóttir, Þórunn Kristjónsdóttir og Rannveig Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri. Á myndina vantar Unni Gísladóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Læknaritun í fjarvinnslu

**Hjá Ritara ehf. starfar fagfólk við ritun upplýsinga í fjarvinnslu og er aðaláhersla á samstarf við heilbrigðisstarfsfólk og fólk í rannsóknarvinnu. Með aðstoð Ritara fær fagfólk tíma til að sinna kjarnastarfi.**

„Við sinnum læknaritun í fjarvinnslu fyrir fólk í heilbrigðisgeiranum og erum sérhæfð í því. Þetta er fyrsta íslenska fyrirtækið sem hefur þessa sérþekkingu og vinnur á svona breiðum grunni,“ segir Rannveig Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Ritara.

Hugmyndin kviknaði hjá Rannveigu fyrir mörgum árum en fór í vinnslu árið 2005. „Þá fór ég á námskeið hjá Impru sem heitir Brautargengi. Ég hafði unnið í ein tíu ár sem læknaritari á Landspítalanum og langaði að læra eitthvað viðskiptatengt. Mér þótti þessi hugmynd heillandi og taldi hana geta verið til góðs í heilbrigðisgeiranum. Rétti tíminn til að koma þessu á flot var hins vegar ekki fyrr en svolítið seinna,“ segir hún en unnið var að tilraunaverkefni árið 2007 og var fyrirtækið stofnað formlega í janúar 2008.

Unnið er inn í aðgangsstýrð kerfi fyrir bæði stofur, fyrirtæki og einkaaðila á heilbrigðissviði. „Þetta er í raun sambærilegt við starf læknaritara inni á stofu. Fjarvinnsla þýðir að við erum eins og herbergi annars staðar í bænum og vinnum eftir öruggum tengileiðum inn í aðgangsstýrð kerfi,“ útskýrir Rannveig og viðurkennir að mikil hagræðing felist í þessu fyrir fyrirtæki. „Markmiðið er að veita fagfólki tíma til að sinna kjarnastarfsemi og nýta til þess sérfræðinga í ritun án þess að leggja í kostnað fyrir skrifstofurými, tæki og laun ásamt því að bjóða upp á jafna þjónustu allt árið. “

Ritara hóf starfsemina með Íslenskri myndgreiningu. „Við höfum auk þess að vinna með fyrirtækjum hjálpað fólki í kennslu og rannsóknum. Allir okkar starfsmenn eru löggiltir læknaritarar en við erum líka með ýmsa aðra menntun á bakinu sem er annað hvort heilbrigðistengd eða í tengslum við málvísindi.“

Samkvæmt Axel Sigurðssyni, hjartalækni hjá Hjartamiðstöðinni, hefur tekist mjög vel til í samvinnu þeirra og Ritara. Hann segir að í daglegu starfi Hjartamiðstöðvarinnar sé tölvutækni nýtt til hins ýtrasta sem er mikill tímasparnaður og jafnframt nauðsyn til að upplýsingar nýtist best í þjónustu við sjúklinga og nefnir að Ritara veiti einnig ráðgjöf auk þess að sinna sjúkraskrám. Fræðast má nánar um starfsemi Ritara á vefslóðinni www.ritara.is.

*hrefna@frettabladid.is*


LAGERÚTSALA
HÆÐASMÁRA 4, KÓPAVOGI



OPIÐ 14-18
mánud.-föstud.

Allir BH. 1900 kr.
Nærbuxur 900 kr.
2 x g-strengir 900 kr.
Sundfatnaður 1500 kr.

Kvenfatnaður og margt margt fleira



STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 17. febrúar n.k.
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.
STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR



ALLT MATUR
Alla föstudaga



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



visir.is
"...ég sá það á vísi"



LAGERSALA 50%-70% AFSLÁTTUR. GÓÐ TILBOÐ
MaxMara
HVERFISGÖTU 6 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 562 2862
MARINA RINALDI
STÆRÐIR 42-54

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

bathmate.is

## Ýmislegt



Tómstundahúsið

Plastmódel í miklu úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

LR kúrinn er auðveldur og hraðvirkur. 8 kg. á 3 vikum og var „ekki“ í megrun. 699 7379 Anna.

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Heilnudd Heilnudd.

Uppl. í s. 616 7232.

**Exclusive tantra massage**
For men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. (Ekki erótískt nudd). Opið frá kl. 12.00 og frameftir alla daga nema sunnud. S. 823 8280.

## Snyrting

www.paradis.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

LEIGUMARKAÐUR.IS Fasteignamiðlun

Atvinnuhúsnæði til leigu. Uppl. í síma 585 0106 & 866 8808.

LEIGUMARKAÐUR.IS Fasteignamiðlun

Til leigu 300 fm. einbýlishús Hólahverfi í Reykjavík. Uppl. í síma 585 0106 & 866 8808.

LEIGUMARKAÐUR.IS Fasteignamiðlun

Til leigu 3 og 4ra herbergja íbúðir á Akranesi. Uppl. í síma 585 0106 & 866 8808.

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 2ja, 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax. Heimilistæki fylgja. Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

**Nýjar 3ja og 4ra herb. íbúðir í Hfj.**
**Örugg leiga. Þvottavél, þurrkari, ísskápur, uppþv.vél, gardínur og öll ljós fylgja. Upplýsingar í síma 699 6464.**

húsaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**Gistiheimili - Langtímaleiga / Guesthouse long term rent.**

**www.leiguherbergi.is**
**Herb. til leigu. Eldh. baðh. internet, 12 sjónvarpsst., þvottah. Verð frá 35 þús. Dalshraun HFJ og Funahöfða RVK. Long term rent. Kitchen, bathroom, 12SAT TV, laundry room. Price from 35.000 ISK. Dalshraun HFJ & Funahöfða RVK.**
**Uppl/info í S. 824 4535.**

**www.leiguherbergi.is**

Til leigu 128 fm 4ra herb. nýl. íbúð við Álfkonuhvarf í Kópavogi. Verð 125 þús. pr. mán. Uppl. fást hjá Húsavík í síma 510-3800 eða 862-2858.

**Frábær eign í Breiðholti til leigu**
5 herb. íbúð öll nýuppgerð. Leiga aðeins 130þ. á mán. Uppl. í s. 586 2702 & 690 2602.

Snotur 2ja herb. íbúð til leigu í Seljahverfi. 80þ. á mán. Hiti og rafmagn innifalið. Sér inng. Uppl. í s. 821 5702

**Hverfisgata123 við Hle**
3-4ja herb ibuð til leigu 1m. fyrirfram + trygging. Laust strax. S 896 3536.

Til leigu 4ra herb. lúxusíbúð, m/ óhindruðu sjávarútsýni, á Strandvegi í Gb. V. 150þ. S. 898 9078.

2ja herb. 50 fm. íbúð m. sérinngangi í 108 rvk til leigu. 60 þús. m. hita. Uppl. í s. 860 2160.

86fm2 íbúð í smárahverfi kópavogs til leigu. 2 svefnherb og bílastæði í bílahúsi. Leiguverð 135.000.- uppl í s. 8236800, 8928996 eða helgi@bpship.is

Vel skipulögð 111 fm hæð á 3ju. Hæð í fallegu og sögufrægu húsi, svokölluðu Sigavaldahúsi í Skaftahlíð. Ein íbúð á hæðinni. Skemmtilegt útsýni í suð-vestur. Leiga á mánuði 120.000 kr. Uppl. Í s. 892 8996 eða helgi@bpship.is

Til leigu 3ja herb. íbúð í Æsufelli. Uppl. í s. 585 4800 og afgreidsla@eignaumsjon.is

Notaleg 74 fm. 2-3 herbergja íbúð á jarðhæð með palli í Hafnarfirði til leigu. Verð 105þús. Einnig til sölu á góðu verði. Uppl. 899 9477.

Til leigu 2ja herb. íbúð í Mosfellsbæ m. húsgögnum. Uppl. í s. 822 4263.

Er með íbúð í 101 til leigu. 110 ferm. Sér stæði. Laus 1 mars. 2009 Uppl. í síma 863 1476 Email: gstop@hive.is

Hús á Siglufirði með 3 íbúðum í skiptum fyrir íbúð á höfuðb.sv. Uppl. í s. 897 9200.

Herb. í miðbæ Rvk. pnr. 105. Húsgögn fylgja. Verð 35þús. Eða 2 samliggjandi 55þ. S. 895 0482.

85 fm,3 herb. íbúð m/þvotthúsi og sérinngangi, til leigu í 101. Hiti innifalin aðeins reyklaust og reglusamt fólk kemur til greina, laus strax uppl. 8951433/ 8943049

**NULL**
Herbergi til leigu í húsi við Ásbúð í Garðabæ. Aðg. að interneti og þvottahúsi. S. 898 1779.

3ja herbergja ibuð til leigu við hátun verð 105þusund.gsm8483763.

Mjög hentugar stúdíóíbúðir til leigu í hverfi 101, 65-85þ. per mánuð. 1 mánuður fyrirfram + trygging. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 568 1848.

ÓDÝR STÓR OG FULLB.HERB.MEÐ ADSL SAMEIGINL. ELDUNAR BAÐ OG ÞVOTTAAÐST. SJÁ HOTELFLOKI.IS BJARNI S.869-7799

Íbúð/herb. til leigu á svæði 104. Apartments/Rooms for rent contact number 661 4096 & 698 3211.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Atvinnuhúsnæði

**Bolholt 4 til leigu !**
Til leigu 170 fm. verslunarhúsnæði á götuhæð í góðu ástandi og 140 fm. skrifstofuhúsnæði á 2.hæð. Laust strax. Uppl í s. 893 8166 Ragnar.

## Geymsluhúsnæði

**geymslaeitt.is**
Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppbúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Bónvinna/ Hreingerningar**
**Ræstingaþjónustan sf leitar að fólki í bónvinnu/hreingerningar. Mikil vinna en óreglulegur vinnutími. Íslenskukunnátta skilyrði. Reynsla af bónvinnu æskileg.**
**Nánari upplýsingar fást á skrifstofutíma í síma 821-5053.**

Hressingarskálinn

**Hressingarskálinn Austurstræti**
**Hressingarskálinn óskar eftir þjónum í fulla vinnu. Ef þú ert jákvæð/ur, brosmild/ur og vinnuþjarkur, þá endilega komdu við á Hressó á miðvikudag 11/02 milli 16:00-18:00 og sama tíma fimmtudaginn 12/02. Við erum að taka fólk í viðtal á þeim tíma :)**
**Hlökkum til að sjá þig!**

**Au-Pair óskast!**
Fjölskylda með þrjú börn leitar að Au-pair innan EES á aldrinum 18-24 ára sem fyrst. Reynsla af barnapössun nauðsynleg. Ef þú þekkir einhvern sem hefur áhuga á að vinna á Íslandi og upplifa eitthvað nýtt og skemmtilegt. Vinsamlega látið viðkomandi vita og sendið e-mail á aupairkop@gmail.com

**Hús Bakarans við Drafnarfell!**
Óskar eftir að ráða starfskraft í verslun. Vinnutími eftir hádegi Og einhver helgarvinna. Uppl. gefur Álfheiður í síma 895 9420.

**Skemmtileg og glaðlynd kona**
leitar náinna kynna við ógiftan karlmann á aldrinum 56-64. Auglýsing hennar er á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort), augl.nr. 8358.

Váàá...Ég fékk $844,26 við aðeins 10 klst. vinnu.Dagsatt og ég hef sönnun fyrir því!Kíktu á http://www.netvidskiptaskolinn.com

**Kennslusíðan Maverick Money Makers**
Óskum eftir áhugasömum einstaklingum til að auglýsa og markaðssetja kennslusíðuna Maverick Money Makers.com á Internetinu greyðum $44 mánaðarlega fyrir hver þann sem skráir sig í nám á síðunni. Allar upplýsingar eru á ensku á www.MoMoneyMakers.com Eða sendið fyrirspurn á momoneymakers@gmail.com

## Atvinna óskast

Sjúkraliði á eftirlaunum getur tekið að sér að laga til í húsum, sitja hjá gömlu fólki og fötluðum, gæta barna og sækja börn í leikskóla. Er mamma, amma og langamma. S. 849 2671.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Gyllt kvennarbandsúr tapaðis fimmtudag eða föstudag í Bónus í Árbæ, Smáralind eða Laugardalsgarðinu. Finnandi vinsamlegast hafi samband í síma 846 1475.

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 2000 Opið allan sólarhringinn.**

SÍMAÞJÓNUSTUR

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Til sölu



**Dyson Airblade**
*"Sá sem þurrkar strax á manni hendurnar"*
80% minni rafmagnsnotkun. 5 ára ábyrgð
papco
s: 587 7788 www.papco.is

## Tilboð

ÖLFUSBORGIR

# Tilboð

Tilboð óskast í slátt á grasflötum í Ölfusborgum. Heildarflötur er 39.141 fermetrar.

Sláttur fer fram á fimmtudögum og föstudögum, tvisvar til fjórum sinnum í mánuði eftir mati umsjónarmanns.

Nánari upplýsingar gefur Kristján Finnsson í síma 896 8260.

**Tilboðum skal skila inn til skrifstofu Fréttablaðsins eigi síðar en kl. 16:00 þann 31. mars 2009 merkt " Ölfusborgir- sláttur 2009"**

ÖLFUSBORGIR

# Tilboð

Tilboð óskast í þrif á orlofshúsum í Ölfusborgum. Húsin eru um 50 fermetrar að stærð auk 10 fermetra sólskála við nokkur hús. Fjöldi húsa á svæðinu eru 36 hús.

Þrífa þarf fyrstu húsin frá 20. febrúar, þrifum á öllum húsum skal lokið fyrir 15. maí 2009.

Nánari upplýsingar gefur Kristján Finnsson í síma 896 8260.

**Tilboðum skal skila inn til skrifstofu Fréttablaðsins eigi síðar en kl. 16:00 þann 17. febrúar 2009 merkt " Ölfusborgir- Þrif 2009"**

## Þjónusta

Þarftu að komast í gott nudd?

Við bjóðum 20% afslátt af öllum nuddmeðferðum á mánudögum og þriðjudögum í febrúar.

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

NUDDSTOFAN
DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIÐIR

Opnunartími
Virka daga 11.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 862-0485
massage@dongfang.is
www.dongfang.is

ICELANDAIR HOTELS LOFTLEIÐIR



*Ástkær eiginmaður, faðir, afi og langafi,*

**Elías Magnússon**
bifreiðastjóri, Stangarholti 2, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítala við Hringbraut fimmtudaginn 5. febrúar. Útför hans verður gerð frá Háteigskirkju fimmtudaginn 12. febrúar kl. 13.00.

**Sigþóra Jónsdóttir**
**Guðný Elín Elíasdóttir**
**Elías Magnússon** **Ragnheiður Jónsdóttir**
**Einar Þór Magnússon** **Elín Haraldsdóttir**
**og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Theódóra Kristjánsdóttir**
Bakkavegi 13, Hnífsdal,

lést föstudaginn 6. febrúar á blóðlækningadeild Landspítalans við Hringbraut.

**Halldóra Elíasdóttir** **Guðmundur Kr. Thoroddsen**
**Sigríður Inga Elíasdóttir** **Svavar Geir Ævarsson**
**Finnbjörn Elíasson** **Gyða Björg Jónsdóttir**
**Guðmunda Elíasdóttir** **Friðrik Óttar Friðriksson**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Tryggvi Gunnarsson**
skipasmiður, Lindarsíðu 2, Akureyri,

andaðist föstudaginn 6. febrúar á Dvalarheimilinu Hlíð Akureyri. Útför hans fer fram föstudaginn 13. febrúar kl. 13.30 í Akureyrarkirkju.

**Stella Sigurgeirsdóttir**
**Ingibjörg Tryggvadóttir** **Haraldur Valdimarsson**
**Ragnar Geir Tryggvason** **Erna Björk Guðmundsdóttir**
**Gunnar Tryggvason** **Harpa Ágústsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Lárus Eggertsson**
kafari og björgunarfræðingur
Hlíðargerði 26, Reykjavík,

lést föstudaginn 6. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju, föstudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

**Einara Þyri Einarsdóttir**
**Eggert Lárusson** **Guðrún Sigurgeirsdóttir**
**Einar Þór Lárusson** **Hrönn Kristjánsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Ágústsdóttir**
Miðleiti 4,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi að morgni sunnudagsins 8. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Eggert Óskar Þórhallsson**
**Hafdís Eggertsdóttir** **Sveinn Eyþórsson**
**Ólafur Eggertsson** **Heiða Vernharðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma **512 5000**.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, vinur, afi og langafi,*

**Benedikt Jónsson**
frv. forstjóri Hraðfrystihúss Keflavíkur h/f, áður til heimilis að Tjarnargötu 29, Keflavík,

lést á Hlévangi, föstudaginn 6. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jón Benediktsson** **Bjarnhildur H. Lárusdóttir**
**Margrét Þóra Benediktsdóttir** **Hermann Ólafsson**
**Svanhildur Sigurgeirsdóttir**
**María Arnlaugsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýhug vegna andláts og útfarar*

**Jennýjar Haraldsdóttur**
frá Seyðisfirði, Holtagerði 30, Kópavogi.

**Arndís B. Sigurgeirsdóttir** **Bára K. Kristinsdóttir**
**Svandís Haraldsdóttir**
**Sigrún Haraldsdóttir** **Ísleifur Guðleifsson**
**Pálína Haraldsdóttir** **Árni Jón Sigurðsson**



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Þorvaldsdóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 6. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 13. febrúar kl. 13.00.

**Þorvaldur S. Hallgrímsson** **Svanhildur Leifsdóttir**
**Leifur Þorvaldsson** **Guðrún Ósk Gunnarsdóttir**
**Hallgrímur Smári Þorvaldsson** **María Jóna Guðnadóttir**
**Grétar Már Þorvaldsson** **Haddý Anna Hafsteinsdóttir**
**og langömmubörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Gunnlaugur Karlsson**
fv. útgerðarmaður
Sólvallagötu 47, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 5. febrúar sl. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 12. febrúar nk. og hefst kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Guðmunda Sumarliðadóttir**
**Jósebína Gunnlaugsdóttir** **Sigtryggur Maríusson**
**Gunnlaugur Gunnlaugsson** **Kristjana Sigurðardóttir**
**Hafdís Gunnlaugsdóttir** **Róbert Svavarsson**
**Karl Hólm Gunnlaugsson** **Sigurveig Þorsteinsdóttir**
**Sævar Gunnlaugsson** **Selma Kristjánsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Kristín Jónsdóttir**
leikskólakennari, Sóltúni 12, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut sunnudaginn 8. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 17. febrúar kl. 13.00.

**Guðrún Lára Kjartansdóttir** **Bjarni Sólbergsson**
**Kjartan Kjartansson** **Halla Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**SHARON STONE LEIKKONA ER 51 ÁRS Í DAG**

*„Ég keyri bílinn með hnjánum. Hvernig á ég annars að setja á mig varalitinn og tala í símann?“*



***Stjarna Sharon Stone, leikkonu og fyrrverandi fyrirsætu, skein skærast á tíunda áratugnum þegar hún lék í myndum eins og Basic Instinct og Sliver. Hún þótti sína djarfan leik en lítið hefur farið fyrir henni síðan þá.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ER EKKERT Á LEIÐINNI AÐ HÆTTA** Óðinn Gunnarsson, sem var valinn iðnaðarmaður ársins árið 2008, er mættur í vinnuna klukkan hálfsjö á hverjum morgni og segir ekkert fararsnið á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

IÐNAÐARMAÐUR ÁRSINS 2008

## Aldrei gert annað

„Þetta kom flatt upp á mig en ég er afskaplega ánægður með þetta,“ segir Óðinn Gunnarsson járnsmíðameistari. Hann var valinn iðnaðarmaður ársins um helgina en þetta er í fyrsta sinn sem það er gert. Óðinn rekur Járnsmiðju Óðins í Kópavogi en hann hóf nám í járnsmíði árið 1965. Hann stofnaði sitt fyrsta fyrirtæki 1978 og síðan hefur honum ekki fallið verk úr hendi.

„Ég hef aldrei gert neitt annað en að vinna í járn og alltaf haft nóg að gera. Ég smíðaði og seldi til dæmis fuglahús í garða og fleira til að byrja með,“ segir Óðinn.

Meðal verkefna Járnsmiðju Óðins eru handriðið í Smáralindinni og ljósakrónurnar bæði í Bústaðakirkju og Eskifjarðarkirkju. Verkefnin eru því af ýmsum toga og segir Óðinn að eftirspurn eftir íslenskri smíði hafi frekar aukist undanfarna mánuði. Hann þakkar gott gengi sitt góðum hópi starfsmanna og segir andann góðan í vinnunni.

„Fyrirtækið er ekki stórt en skrambi gott enda úrvalslið sem vinnur hjá mér. Við erum 10 núna en gegnum árin hafa verið á bilinu 8-12 manns hjá mér. Þetta er fastur kjarni góðra manna en einn byrjaði hjá mér þegar hann var 15 ára. Ég geri kröfur sem strákarnir þekkja og þeir grínast gjarnan með það hvernig ég geri hlutina. En ég vil að allir geri eins vel og þeir geta og þess vegna höfum við nóg að gera. En þetta gengi ekki nema fyrir gott fólk.“

Fjölskylda Óðins tekur virkan þátt í rekstrinum en eiginkonan sér um skrifstofuna og tvö barnanna vinna í smiðjunni. Honum hefur því gengið vel að sameina fjölskyldulífið og vinnuna. „Þetta hefur verið fjölskyldufyrirtæki í 15 ár. Konan mín rekur þetta af festu og einurð svo við erum í góðum málum í dag og höfum ekki þurft að segja neinum upp. Sonur minn hefur unnið hérna síðan hann var 13 ára og er iðnvélafræðingur og meistari í stálsmíði. Dóttir mín sem var í líffræði í háskólanum byrjaði hér hjá mér líka. Hún er listamiðlur og er núna í Tækniháskólanum í hönnunardeild.“

Ekkert fararsnið er á Óðni þótt hann sé orðinn rúmlega sextugur. Hann ætlar þó að leyfa sér að taka frí öðru hvoru en venjulega er hann mættur alla morgna klukkan hálfsjö og er síðasti maður út. „Nei, ég ætla ekkert að hætta. Ég hef svo gríðarlega gaman af þessu enn þá.“ **heida@frettabladid.is**



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar frænku okkar,*

**Valborgar Pálínu Jóhannsdóttur**
frá Kirkjubóli, Sólvangsvegi 3, Hafnarfirði.

**Aðstandendur.**

# Sparaðu meira í leiðinni



## Jóhann og Guðlaug spara 98.415 kr. á næstu 12 mánuðum*

Jóhann, Guðlaug og fjölskylda keyra um á nýlegum jeppa og meðalstórum fólksbíl. Á næstu 12 mánuðum munu Jóhann og Guðlaug spara rúmlega 98 þúsund krónur með því að kaupa allt eldsneyti, algengustu hjólbarða-, smur- og viðhaldsþjónustu og fleira hjá N1.

Allir sem sækja um **Tryggðartilboð N1** fyrir **8. mars** fá **15% afslátt** af bílatengdum vörum, þjónustu og fleiru ásamt **5 króna afslætti** af eldsneytislítranum, bæði í beinhörðum peningum og safnkortspunktum næstu 12 mánuði. Nýttu þér þetta frábæra tilboð og byrjaðu að spara. Skráðu þig strax og sæktu um **Viðskiptakort** eða **Greiðslulykil** á **n1.is**.

-5kr. / -15%
**Sæktu um núna á n1.is**




**1 punktur = 1 króna**

Safnkortspunktar eru jafngildur gjaldmiðill og krónur, í öllum viðskiptum hjá N1. Með tímabundnum tilboðum á þjónustustöðvum er hægt að margfalda gildi punktanna.

* Miðað við árlega eldsneytisnotkun fyrir jeppa og meðalstóran fólksbíl og annan algengan rekstrarkostnað.

| | | |
|---|---|---|
| **Eldsneyti** | | -5kr. pr.l. |
| | Kostnaður | 866.400 kr. |
| | Afsláttur | 18.000 kr. |
| | Punktar | 12.000 |
| **Dekk** | | |
| | Kostnaður | 190.000 kr. |
| | Afsláttur | 22.800 kr. |
| | Punktar | 5.700 |
| **Dekkjaskipti** | | |
| | Kostnaður | 33.000 kr. |
| | Afsláttur | 3.960 kr. |
| | Punktar | 990 |
| **Dekkjahótel** | | |
| | Kostnaður | 16.100 kr. |
| | Afsláttur | 1.932 kr. |
| | Punktar | 483 |
| **Smurþjónusta** | | |
| | Kostnaður | 61.000 kr. |
| | Afsláttur | 7.320 kr. |
| | Punktar | 1.830 |
| **Bón og þrifavörur** | | |
| | Kostnaður | 12.000 kr. |
| | Afsláttur | 1.440 kr. |
| | Punktar | 360 |
| **Bílaþvottur** | | |
| | Kostnaður | 27.000 kr. |
| | Afsláttur | 3.240 kr. |
| | Punktar | 810 |
| **Rúðuþurrkur og rúðuvökvi** | | |
| | Kostnaður | 23.000 kr. |
| | Afsláttur | 2.760 kr. |
| | Punktar | 690 |
| **Smávarahlutir** | | |
| | Kostnaður | 24.000 kr. |
| | Afsláttur | 2.880 kr. |
| | Punktar | 720 |
| **Verkfæri** | | |
| | Kostnaður | 20.000 kr. |
| | Afsláttur | 2.400 kr. |
| | Punktar | 600 |
| **Rekstrarvörur, fatnaður ofl.** | | |
| | Kostnaður | 14.000 kr. |
| | Afsláttur | 1.680 kr. |
| | Punktar | 420 |
| **Ferða- og útivistarvörur** | | |
| | Kostnaður | 22.000 kr. |
| | Afsláttur | 2.640 kr. |
| | Punktar | 660 |
| **Ýmislegt** | | |
| | Kostnaður | 14.000 kr. |
| | Afsláttur | 1.680 kr. |
| | Punktar | 420 |

## Sparnaður 98.415 kr.

| | |
|---|---|
| Kostnaður | 1.322.500 kr. |
| Afsláttur | 72.732 kr. |
| Punktar | 25.683 |

SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS

Meiri sparnaður í leiðinni







NOKKUR ORÐ
Júlía Margrét Alexandersdóttir

# Oflof og sjúkdómurinn ólétta

Það virðist vera lenska á ritstjórnarskrifstofum ákveðinna tímarita að mæra viðmælendur, þá einkum kvenkyns, í byrjun viðtala. Áður en tal blaðamanns og viðmælanda getur hafist virðist blaðamaður telja sér skylt að lýsa því í löngu máli hvernig kvenpersóna viðtalsins kemur til dyra þar sem hún „býður upp á te, með afslappað bros á vör þennan kalda febrúarmorgun, frjálsleg en samt flippuð í gallabuxum og hvítum þægilegum bol“. Mærðarjarmið getur stundum tekið heilu málsgreinarnar í byrjun og gengið úr skugga um að lesandi sé örugglega með það á hreinu hve ótrúlega mikið blaðamanni finnst koma til útlits, tesmekks og tilgerðarlauss yfirbragðs viðmælanda.

Þótt undirrituð láti það fara í taugarnar á sér að konur skuli þurfa að leggja línurnar á þennan hátt í viðtölum við aðrar konur (sé það ekki í anda að viðtal við Friðrik Þór í sama blaði myndi byrja á því að lýsa ljósum lokkum hans og strákslegu brosi) er það vitaskuld í eðli tískutímarita að einblína á útlit og yfirborð. Og kannski ekki ástæða til að fárast yfir því þótt maður skyldi ætla að það ætti að vera karlmaður en ekki kona sem myndi einblína svo á útlit viðmælanda síns.



Hins vegar má benda á þegar hlutirnir verða kolaðri en góðu hófu gegnir. Þannig er ekki betur hægt að sjá en í nýjasta tölublaði Nýs Lífs sé ólétta orðin að sjúkdómi í viðtali við Ingu Lind Karlsdóttur þegar blaðamaður lýsir henni svo þar sem hún opnar dyr að heimili sínu fyrir blaðamanni á „köldum vetrardegi“ að ekki sé hægt að „sjá á Ingu Lind að hún sé með ungbarn á heimilinu“. Heldur líti hún vel út og ljómi af hreysti.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Verk eftir Ríkarð Örn, Egil og Gunnar

Myrkir músíkdagar eru í fullum gangi og eru hljómleikar á dagskránni í dag: fyrirferðarmest er efnisskrá Camerata Jóns Leifs sem verða með tónleika í Langholtskirkju í kvöld en stjórnandi þeirra er Hákon Leifsson. Þar verða flutt verk eftir Ríkarð Örn Pálsson, Egil Ólafsson og Gunnar Þórðarson og eru þau öll frumflutt hér á landi. Einleikari í verki Ríkarðs er Hjörleifur Pálsson en í verki Gunnars fer Sigrún Hjálmtýsdóttir með aðalhlutverk.

Verk Ríkarðs Arnar er fiðlukonsert sem hann kallar Dansa og stemmur og er hann saminn fyrir Hjörleif. Að sögn Ríkarðs „fellur þessi tónlist ágætlega að þeirri þörf fyrir millimúsík sem Ríkarður telur æ nauðsynlegri tengingu milli akademískrar framúrstefnu og markaðspopps – aðalpólanna í íslensku tónlistarlífi“.

Strengjatríó Egils heitir Herra Z og er í þremur köflum fyrir fiðlu, víólu og selló. Það er tileinkað Paul Klee og mynd sem hann málaði sem ber nafnið Herra Z en þar er umfjöllunarefnið maður með Zetu skrifaða á enni sitt. Paul Klee, sem var fiðluleikari, velti fyrir sér hvort tónsmíðar Schönbergs hefðu markað endalok fagurlistanna. Agli var þessi hugsun hugleikin við smíðar á verkinu.

Tónleikunum lýkur síðan á verkinu La prière eftir Gunnar Þórðarson. Titill verksins er Bæn á íslensku og er samið við frumsamið ljóð eftir Albert Strickler. Tilurð verksins var vegna samvinnuverkefnisins Mosaík trílógía en það var þverfaglegt samstarfsverkefni íslenskra og franskra listamanna sem fór fram í Alsace í Frakklandi. Listamennirnir fjórir sem boðið var til verkefnisins komu annars vegar frá Frakklandi, Gerard Brand höggmyndasmiður og Albert Strickler ljóðskáld, og hins vegar frá Íslandi, Gunnar Þórðarson tónskáld og Sigrún Hjálmtýsdóttir sópransöngkona. Þema verkefnisins er ‚bænin‘ í víðum skilningi. Myndlistarmaðurinn Gerard Brand er þekktur sem mósaík-listamaður í Evrópu meðal annars fyrir að hafa þróað nýja tegund mósaíklistar, þrívíðar mósaíkhöggmyndir. Hann gerði átta skúlptúra af þessu tilefni og valdi hann þemað, ‚bænina‘ til að vinna út frá. Ljóðskáldið Albert Strickler vann í nánu samstarfi við hina listamennina átta ljóð innblásin af þemanu og jafn mörgum skúlptúrum Gerards Brand. Ljóð Alberts Strickler eru ekki eingöngu nátengd myndlistinni sem hann leggur út af heldur eru þau einnig inntakið fyrir tónlist Gunnars Þórðarsonar. Verkið var frumflutt á sýningu mósaíkmyndanna í fornri kirkju í Rosheim í Frakklandi síðastliðið sumar en það var Sigrún sem söng einsönginn.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og kemur hátt á fimmta tug listamanna að flutningnum.

**pbb@frettabladid.is**



**TÓNLIST** Verk eftir Gunnar Þórðarson verður frumflutt í kvöld á Myrkum músíkdögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 10. febrúar 2009**

### Tónleikar

Myrkir músíkdagar 6-13. febrúar. Nánari upplýsingar á www.listir.is/myrkir

**12.15** Emil Friðfinnsson og Þórarinn Stefánsson í Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði.



**20.00** Hjörleifur Valsson og Sigrún Hjálmtýsdóttir í Langholtskirkju við Sólheima.

### Fyrirlestrar

**12.00** Dr. Christopher C. Cooper flytur fyrirlestur um réttindi barns sem vísað er úr skóla á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri, Sólborg við Norðurslóð.

**20.00** Dr. Vilhjálmur Árnason flytur erindið: „Vettvangsrannsóknir og viðmið siðfræðinnar“ í húsakynnum ReykjavíkurAkademíunnar við Hringbraut 121 (JL-húsið). Fyrirlesturinn er öllum opinn.

### Tónlist

**20.00** Jónas Ingimundarson tekur á móti gestum og spilar og spjallar um tónlist í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Sérstakur gestur hans er dr. Bjarki Sveinbjörnsson. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Fræðsla

Útþrá í Hinu Húsinu við Pósthússtræti milli kl. 16-19. Kynning fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára á þeim fjölbreyttu tækifærum sem eru í boði tengd námi, leik og starfi erlendis.

### Sýningar

Í Ljósmyndasafni Reykjavíkur stendur yfir sýning Bjargeyjar Ólafsdóttir auk þess sem Thoas Graics sýnir ljósmyndir teknar úr lofti, í Skotinu. Ljósmyndasafn Reykjavíkur við Tryggvagötu, opið virka daga kl. 12-19 og um helgar kl. 13-17.

Við erum hinir / hinir eru við Steingrímur Eyfjörð hefur opnað sýningu í Gallerii 100° í húsnæði Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1, Reykjavík. Sýningin er opin mán.-föst. kl. 8.30-16.

### Leiðsögn

**12.05** Pétur Gunnarsson rithöfundur fjallar um sýninguna Endurfundir í hádegisleiðsögn á Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

### Leiklist

**20.00** Verkið Ást Fedru eftir Söruh Kane verður leiklesið í Borgarleikhúsinu. Leikstjóri er Hafliði Arngrímsson.



**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





A direct Elegant coli mattress



Tvískipt springdýna með sjálfstæðri pokafjöðrun og memory foam

**Memory foam:** Bregst við þyngd og hitastigi og lagar sig nákvæmlega að líkamanum þannig að hann hvílist eðlilega og nær góðri slökun. Þetta bætir m.a. blóðflæði og dregur úr þörfinni fyrir að snúa sér sem gerir það að verkum að maður sefur betur. Kírópraktorar mæla með efninu.

180X200: Verð 198.800,- **TILBOÐ 149.100,-**
160X200: Verð 179.800,- **TILBOÐ 134.850,-**
120X200: Verð 149.800,- **TILBOÐ 112.350,-**

A direct Power bed



Rafmagnsbotn fáanlegur með springdýnu eða með memory foam dýnu

96X200: Verð 179.800,- **TILBOÐ 134.850,-**

**Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.**

HEIMA HÚSIÐ mood heima Öndvegi

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| HOTEL FOR DOGS | kl. 6 og 8 | L |
| BRIDE WARS | kl. 6, 8 og 10 | L |
| MY BLOODY VALENTINE 3D | kl. 10.20 - POWER | 16 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.20 | 12 |




SAMBÍÓIN

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6:30 - 8D - 10 | 7 |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6:30 - 10 | |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 5:50 | L |
| BLOODY VALANTINE 3D | kl. 5:50(3D) - 11:10(3D) | 16 |
| DOUBT | kl. 8 - 10:10 | L |
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 5:50 | L |
| ROCKNROLLA | kl. 10:30 | 16 |
| CHANGELING | kl. 8 | 16 |
| YES MAN | kl. 5:50 | 7 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6D - 9:10D | 7 |
| BLOODY VALANTINE 3D | kl. 8:10 - 10:20 | 16 |
| ROLE MODELS | kl. 8:10 - 10:20 | 12 |
| BEDTIME STORIES | kl. 6 | L |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 6 DIGTAL-3D | L |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| ROLE MODELS | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| AUSTRALIA | kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8 | 7 |
| ROLE MODELS | kl. 10 | 12 |
| DOUBT | kl. 8 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| TRANSPOSTER 3 | kl. 8 | 16 |
| SEVEN POUNDS | kl. 8 | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ - Í DAG - KR. 500

GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG VIP

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BRIDE WARS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| BRIDE WARS LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 3.40 - 5.45 | L |
| VALKYRIE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |
| UNDERWORLD 3 | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 4 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THE READER | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| VALKYRIE | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 - 10.10 | L |
| REFURINN & BARNIÐ / ÍSL. TEXTI | kl. 6 | L |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 5.30 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| BRIDE WARS | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| UNDERWORLD 3 | kl. 10.30 | 16 |
| SEVEN POUNDS | kl. 5.30 - 8 | L |
| REVOLUTIONARY ROAD | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| TAKEN | kl. 6 - 10.30 | 16 |
| AUSTRALIA | kl. 8 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BRIDE WARS | kl. 8 - 10 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 6 | L |
| UNDERWORLD 3 | kl. 10.10 | 16 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| SÓLSKINSDRENGURINN | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




**PACIFICA** Sigurbjörn Bernharðsson (annar frá vinstri) og félagar í Pacifica-kvartettnum hlutu bandarísku Grammy-verðlaunin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Sigurbjörn fékk Grammy

**Pacifica-kvartettinn, með Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikara innanborðs, vann bandarísku Grammy-verðlaunin fyrir kammermúsík sína. Sinfóníuhljómsveit Íslands tókst ekki að bera sigur út býtum.**

Grammy-verðlaunin hafa löngum verið talin þau virtustu í tónlistarbransanum og því er um mikinn heiður að ræða fyrir Sigurbjörn og félaga. Hann er þar með fyrsti Íslendingurinn sem hlýtur Grammy-verðlaunin að því er Fréttablaðið kemst næst. Áður hafa bæði Björk og Emilíana Torrini verið tilnefnd til þeirra án þess að bera sigur úr býtum. Sigurbjörn var ekki viðstaddur verðlaunaafhendinguna því Pacifica hélt tónleika í Lissabon kvöldið áður og komst ekki til Los Angeles í tæka tíð.



**PLANT OG KRAUSS** Robert Plant og Alison Krauss hlutu fimm Grammy-verðlaun fyrir plötu sína Raising Sand. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Sinfóníuhljómsveit Íslands var einnig tilnefnd til verðlaunanna en varð að lúta í lægra haldi fyrir Sinfóníuhljómsveit Chicago.

Annars voru Robert Plant, fyrrum söngvari Led Zeppelin, og söngkonan Alison Krauss sigurvegarar kvöldsins. Þau hlutu fimm verðlaun, þar á meðal fyrir plötu ársins (Raising Sand) og smáskífulagið Please Read the Letter. „Í gamla daga hefðum við kallað þetta að selja sig en það er gott að eyða sunnudeginum svona," sagði hinn sextugi Plant. Krauss, sem er 37 ára, hefur nú unnið 26 Grammy-verðlaun á farsælum ferli sínum.

Rapparinn Lil Wayne, sem fékk átta Grammy-tilnefningar fyrir plötuna Tha Carter III, hlaut fern verðlaun. Coldplay vann þrenn verðlaun, þar á meðal fyrir lag ársins (Viva la Vida) og bestu rokkplötuna.

In Rainbows með Radiohead var valin besta indíplatan og Adele var kjörin besti nýliðinn. Þá vann Jennifer Hudson Grammy fyrir bestu R&B-plötuna og Rick Rubin var kjörinn upptökustjóri ársins en hann tók meðal annars upp plötu Metallica, Death Magnetic.

Hljómsveitin U2 flutti upphafslag hátíðarinnar, Get On Your Boots, og Paul McCartney söng Bítlalagið I Saw Her Standing There með Dave Grohl úr Foo Fighters á trommum.

# Fjársöfnun fyrir Torrent.is

Svavar Lúthersson, sem rekur skráaskiptasíðuna Torrent.is, hefur sett í gang fjársöfnun til að safna fyrir hugsanlegri áfrýjun til Hæstaréttar vegna lögbanns gegn síðunni.

Lögbannið var staðfest fyrir Héraðsdómi Reykjaness á dögunum en Svavar ætlar ekki að gefast upp og biðlar nú á síðu sinni til skoðanabræðra sinna um að leggja sér lið í málinu. „Það hefur ekki safnast neitt rosalega mikið en sumir hafa verið örlátir," segir Svavar, sem var fyrir rétti dæmdur til að greiða eina milljón króna í málskostnað. „Ég er ánægður



**SVAVAR LÚTHERSSON** Svavar hefur sett í gang fjársöfnun til að safna fyrir áfrýjun til Hæstaréttar.

með það sem komið er þó að það sé langt í að þetta nái takmarkinu."

Frestur til að áfrýja málinu til Hæstaréttar er þrír mánuðir eftir að dómsúrskurður hefur verið kveðinn upp. Svavar segist hafa tvo mánuði til að safna nægum pening, því lögfræðingar hans þurfa einn mánuð til að undirbúa mál sitt.

Fari svo að ekkert verði af áfrýjuninni og öðrum íslenskum skráaskiptasíðum á borð við Viking Bay verði lokað telur Svavar að netverjar muni ekki láta það á sig fá. Þess í stað muni þeir leita til útlanda eða færa starfsemina hérlendis neðanjarðar. „Ég held að það sé ekkert hægt að stöðva þetta," segir hann. - fb




# Fékk frönsk verðlaun

Stuttmyndin Naglinn eftir Benedikt Erlingsson hlaut viðurkenningu í flokknum Special Mention á einni stærstu stuttmyndahátíð heims, Clermont Ferrand, í Frakklandi. Myndin var einnig valin ein af átta bestu myndum hátíðarinnar.

Mikið hefur verið fjallað um myndina í frönskum fjölmiðlum og þykir hún endurspegla bakland efnahagsástandsins og þann pólitíska óróa sem hefur ríkt á Íslandi undanfarið. Þegar er búið að selja Naglann til Frakklands, Spánar, Ástralíu og Póllands. Einnig hefur myndinni borist fjöldi tilboða á virtar kvikmyndahátíðir víða um heim. Ríkissjónvarpið hefur einnig fest kaup á verkinu, sem verður líklega sýnt þar í vor.



**NAGLINN** Myndin fékk verðlaun á einni stærstu stuttmyndahátíð heims, í Clermont Ferrand í Frakklandi.

Framleiðendur myndarinnar telja að hún eigi eftir að seljast fyrir mun hærri upphæð en styrkurinn nam sem hún fékk frá Kvikmyndamiðstöð Íslands. Því er ljóst að hún mun skila dýrmætum gjaldeyri til landsins á krepputímum.

# Slumdog sigurvegari á Bafta

Slumdog Millionaire hlaut sjö verðlaun, þar á meðal sem besta myndin, á Bafta-hátíðinni sem var haldin í London á sunnudagskvöld. Danny Boyle var jafnframt verðlaunaður fyrir leikstjórn sína.

Kate Winslet var valin besta leikkonan fyrir hlutverk sitt í The Reader og Mickey Rourke var kjörinn besti leikarinn sem útbrunninn fjölbragðaglímukappi í The Wrestler. „Það er frábært að vera kominn hingað aftur úr myrkrinu," sagði hann og tileinkaði leikaranum sáluga Richard Harris verðlaunin.

Winslet tileinkaði framleiðendunum Anthony Minghella og Sydney Pollack sín verðlaun en þeir létust báðir á síðasta ári. „Ykkar er sárlega saknað í dag og ykkar verður saknað um ókomin ár. Þetta er handa ykkur," sagði hún.

Heath Ledger, sem lést á síðasta ári langt fyrir aldur fram, fékk Bafta fyrir hlutverk Jókersins í The Dark Knight og Penélope Cruz fékk styttuna fyrir aukahlutverk sitt í Vicky Christina Barcelona. The Curious Case of Benjamin Button, sem hafði fengið ellefu tilnefningar, fékk aðeins þrenn verðlaun.



**DANNY BOYLE** Leikstjóri Slumdog Millionaire með Bafta-verðlaunin sem hann fékk fyrir sína frammistöðu. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**SLOWBLOW** Síðasta plata sveitarinnar hefur verið endurútgefin af fyrirtækinu Mobilé.

# Slowblow endurútgefin

Síðasta plata Slowblow, sem er samnefnd hljómsveitinni, hefur verið endurútgefin af hinu virta fyrirtæki Mobilé. Platan er fáanleg bæði á geisladiski og vínyl í plötubúðum á vegum þýska útgáfufyrirtækisins Kimi Records.

Slowblow, sem er skipuð leikstjóranum Degi Kára Péturssyni og upptökumanninum Orra Jónssyni, er með fleiri járn í eldinum. Þessa dagana er hún að semja tónlist fyrir nýjustu mynd Dags Kára, The Good Heart, sem verður gefin út síðar á árinu og hún er einnig að vinna að nýrri breiðskífu. Óvíst er hvenær hún kemur út.

# Ræða tónlist og viðskipti

**Haukur D. Magnússon, eigandi gogoyoko.com, Margrét Sigurðardóttir framkvæmdastjóri og Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari verða á meðal þátttakenda í námskeiði um gerð viðskipta- og fjárhagsáætlana sem Útón stendur fyrir í Norræna húsinu í kvöld.**

**Farið verður yfir mikilvægi þess að byggja öruggan grunn fyrir verkefni hvort sem er rekstur hljómsveita eða fyrirtækja. Bjarnheiður Jóhannsdóttir verkefnastjóri kynnir þá aðstoð sem fyrirtæki og einstaklingar í atvinnurekstri geta leitað eftir hjá Impru á Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Skráningar á námskeiðið fara fram á greta@utflutningsrad.is.**

# Hugsar um framboð

Val Kilmer, sem hefur á ferli sínum leikið bæði Batman og Jim Morrison, íhugar að bjóða sig fram sem ríkisstjóra í Nýju Mexíkó á næsta ári. „Mig langar að leggja mitt af mörkum," sagði Kilmer. „Ef ég fæ möguleika á að hafa svona mikil áhrif mun ég bjóða mig fram."



**VAL KILMER**

Kilmer, sem er 49 ára, ólst upp í Los Angeles en hefur búið í Nýju Mexíkó undanfarna tvo áratugi. Hann er demókrati og gaf Barack Obama atkvæði sitt í síðustu forsetakosningum. Verði Kilmer kjörinn til embættis mun hann feta í fótspor kollega síns, Arnolds Schwarzenegger, sem er ríkisstjóri Kaliforníu.



## > Baldur yfirgefur Bryne

Mývetningurinn Baldur Sigurðsson hefur náð samkomulagi við forráðamenn norska liðsins Bryne um að hann yfirgefi herbúðir félagsins. Fótbolti.net greindi frá þessu í gær. Fjárhagsstaða Bryne er afar slæm og félagið hefur verið að leita allra leiða til að draga úr kostnaði. Baldur þarf ekki að óttast um að komast ekki að hjá félagi hér heima kjósi hann svo því KR, FH og Valur hafa öll áhuga á að fá Baldur sem og hans gamla félag, Keflavík.



**sport**
sport@frettabladid.is

SIGFÚS SIGURÐSSON: KOMINN Á FULLT EFTIR LANGÞRÁÐ OG ERFIÐ HNÉMEIÐSLI SEM ÓGNUÐU FERLI HANS

# *Flottur þegar ég hef tekið af mér 10-15 kíló*

„Læknarnir sögðu að það væru svona 5 prósenta líkur á að ég gæti skokkað aftur. Ég er að gera gott betur en það núna," sagði handboltakappinn Sigfús Sigurðsson sem hefur fengið sig góðan af þrálátum hnémeiðslum og var í eldlínunni með Valsmönnum á sunnudag er liðið komst í úrslit bikarkeppninnar.

Sigfús lagðist undir hnífinn í lok október og var hnéð svo illa farið á Sigfúsi þá að læknar óttuðust að ferli hans væri lokið. Var meira að segja talið ólíklegt að Sigfús gæti hreinlega skokkað aftur eins og hann sagði sjálfur.

„Ég er bara helvíti góður en það vantar eðlilega aðeins upp á líkamlega formið. Hnéð er bara í fínu standi og kallinn er bara að verða eins og nýr. Nú þarf bara að taka af sér 10-15 kíló og þá er ég flottur. Ég gef mér einn og hálfan mánuð í það," sagði Sigfús sem eðlilega er afar kátur með að hafa fengið bót meina sinna.

„Ég tók smá egó-fíling á þetta og sleppti bara sjúkraþjálfun og öllu og gerði þetta bara sjálfur. Einhverjir segja



það kannski óskynsamlegt en það var það greinilega ekki fyrst þetta er að virka svona vel," sagði Sigfús og hló við.

Sigfús hefur verið í vandræðum með hnén á sér í um fjögur ár og því er það eðlilega mikill léttir að finna ekki lengur til og geta beitt sér eins og hann vill.

„Þetta er í fyrsta skipti í næstum því fimm ár sem ég er alveg verkjalaus í handbolta og það er náttúrlega bara snilld," sagði Sigfús en maðurinn sem skar hann upp er læknir handboltalandsliðsins, Brynjólfur Jónsson. Hann hefur hjálpað mörgum íþróttamanninum í vanda og ekki ósjaldan sem íslenskir íþróttamenn krefjast þess að koma heim svo þeir geti látið Brynjólf skera sig. „Það eru fáir sem slá honum við með hnífinn í hendinni," sagði Sigfús augljóslega ánægður með lækninn.

Sigfús er farinn að æfa af fullum krafti og er þess utan að æfa aukalega til að komast fyrr í form. „Þegar maður er líka kominn á þennan aldur þarf maður að hætta hálftíma fyrr og fara hálftíma síðar. Eða mæta klukkutíma fyrr og fara á sama tíma," sagði Sigfús kíminn.

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**Grindavík-KR 91-80 (50-44)**
Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 20, Þorleifur Ólafsson 19, Nick Bradford 17, Helgi Jónas Guðfinnsson 16, Páll Kristinsson 12, Guðlaugur Eyjólfsson 3, Arnar Freyr Jónsson 2, Brenton Birmingham 2
Stig KR: Jón Arnór Stefánsson 21, Jason Dourisseau 19, Jakob Örn Sigurðarson 15, Fannar Ólafsson 6, Skarphéðinn Ingason 5, Pálmi Sigurgeirsson 5, Darri Hilmarsson 4, Helgi Már Magnússon 2

**Tindastóll-ÍR 117-118**
Stig Tindastóls: Ísak Einarsson 29, Darrell Flake 22, Friðrik Hreinsson 21, Svavar Birgisson 21, Helgi Margeirsson 15, Helgi Viggósson 8, Óli Reynisson 1.
Stig ÍR: Sveinbjörn Claessen 32, Eiríkur Önundarson 26, Hreggviður Magnússon 24, Ómar Sævarsson 19, Steinar Arason 8, Ólafur Ingvason 4, Ólafur Þórisson 3, Bjarni Valgeirsson 2.

**FSu-Keflavík 68-81**
Stig FSu: Vésteinn Sveinsson 14, Sævar Sigurmundsson 14, Tyler Dunaway 12, Árni Ragnarsson 12, Christopher Caird 8, Hilmar Guðjónsson 6, Alexander Stewart 2.
Stig Keflavíkur: Hörður Axel Vilhjálmsson 29, Gunnar Einarsson 16, Sigurður Þorsteinsson 10, Sverrir Þór Sverrisson 7, Jón Nordal Hafsteinsson 6, Þröstur Jóhannsson 5, Axel Margeirsson 4, Gunnar Stefánsson 3.

**STAÐAN:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **17** | **16** | **1** | **1626-1250** | **32** |
| Grindavík | 17 | 15 | 2 | 1676-1372 | 30 |
| **Keflavík** | **17** | **11** | **6** | **1464-1300** | **22** |
| Snæfell | 17 | 11 | 6 | 1411-1237 | 22 |
| **Njarðvík** | **16** | **8** | **8** | **1294-1365** | **16** |
| Stjarnan | 17 | 8 | 9 | 1452-1447 | 16 |
| **ÍR** | **17** | **7** | **10** | **1414-1426** | **14** |
| Breiðablik | 17 | 7 | 10 | 1327-1477 | 14 |
| **Tindastóll** | **16** | **7** | **9** | **1306-1361** | **14** |
| FSu | 17 | 6 | 11 | 1382-1419 | 12 |
| **Þór Ak.** | **17** | **4** | **13** | **1369-1525** | **8** |
| Skallagrímur | 17 | 1 | 16 | 1055-1597 | 2 |

# Grindvíkingar voru miklu graðari

**Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, sagði að baráttuglaðir Grindvíkingar hefðu einfaldlega viljað sigurinn meira í gær þegar Grindavík varð fyrsta liðið til þess að leggja hið firnasterka lið KR að velli, 91-80.**

**KÖRFUBOLTI** Grindavík var fyrst allra liða til að sigra KR í Iceland Express-deild karla í ár, 91-80, í Grindavík í gær. Greinilegt var frá fyrstu mínútu að Grindvíkingar væru mættir til að selja sig dýrt. Þeir börðust af krafti um hvert frákast og alla lausa bolta á sama tíma og KR-ingar virkuðu undarlega rólegir.

Grindavík var með undirtökin í leiknum nánast frá byrjun þótt aldrei hafi munaði miklu á liðunum í fyrri hálfeik en Grindavík var sex stigum yfir í leikhlé, 50-44. Jafnræði var með liðunum í þriðja leikhluta þar til Fannar Ólafsson fékk sína fjórðu villu seint í fjórðungnum og Grindvíkingar skoruðu sjö stig á innan við mínútu og lögðu grunninn að þrettán stiga forystu að loknum þremur leikhlutum.

KR náði að minnka muninn í fjögur stig í fjórða leikhluta þegar liðið skoraði ellefu stig í röð en nær komust KR-ingar ekki og Grindavík gerði út um leikinn þegar Þorleifur Ólafsson tróð boltanum í körfuna þegar 40 sekúndur voru til leiksloka.

Páll Axel Vilbergsson Grindvíkingur var kátur í leikslok. „Það hefði verið nokkuð skemmtilegt að vera bara með eitt tap á bakinu og þetta myndi snúast um innbyrðis viðureignir en við klúðruðum Stjörnuleiknum þannig að nú verður KR að tapa öðrum leik, en mótið er ekki búið og það er ennþá líf í þessu. Það getur allt gerst," sagði Páll.



**BARÁTTA** Það var ekkert gefið eftir í Röstinni í gær. Hér reynir Nick Bradford að skora fram hjá Jason Dourisseau. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Við vorum allt öðruvísi stemmdir en við höfum verið í síðustu leikjum. Menn voru ekki yfirspenntir þótt þetta væri stórleikur í sjónvarpinu. Spennustigið var rétt og við byrjuðum af krafti og það gaf tóninn. Við börðumst um alla lausa bolta án þess að hafa eitthvað sérstaklega talað um það. Þetta bara gerðist í dag," sagði Páll en Grindvíkingar hirtu 44 fráköst gegn 25 KR-inga. „Frá sálfræðilegu sjónarmiði var þetta sterkur sigur," sagði Páll Axel.

„Greddan hjá þeim var miklu meiri. Þeir hafa beðið eftir þessum leik frá bikarleiknum á meðan við vorum bara mættir í enn einn deildarleikinn. Við náum aldrei að gíra okkur upp fyrir þennan leik eins og um úrslitaleik væri að ræða. Það vantaði í dag," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, í leikslok sem grætur ekki að sigurgangan hafi stöðvast.

„Þetta auðveldar mér að koma mönnum í gang aftur. Út frá þjálfaralegu sjónarmiði er þetta enginn heimsendir. Við höfum aldrei tapað okkur í einhverri umræðu um einhver met og að fara taplausir í gegnum tímabilið. Við bara stefnum á þá titla sem eru í boði. Ég veit ekki um neitt lið í neinni deild í heiminum sem fer taplaust í gegnum deildarkeppni." **- gmi**




Örvænting að grípa um sig í herbúðum Chelsea:

# Grant eða Hiddink næstir hjá Roman?

**FÓTBOLTI** Chelsea kom knattspyrnuheiminum á óvart í gær þegar félagið rak Brasilíumanninn Luiz Felipe Scolari úr starfi knattspyrnustjóra eftir aðeins sjö mánaða setu. Scolari hættir strax.

Í yfirlýsingu frá Chelsea segir að félagið hafi gripið til þessara ráðstafana svo það geti áfram keppt um bikarana sem það á enn möguleika á að vinna. Chelsea segir Scolari hafa gert margt jákvætt fyrir félagið og því sé sorglegt að félagið þurfi að slíta samstarfinu svo snemma. Úrslit og frammistaða liðsins hafi aftur á móti gert það að verkum að ákveðið var að grípa til þessara ráðstafana.

Hinn sextugi Scolari byrjaði afar vel með Chelsea-liðið en hefur gefið verulega eftir á síðustu vikum. Alls stýrði Scolari liðinu í 36 leikjum. 20 unnust, 5 töpuðust og 11 enduðu með jafntefli.

Þónokkrir þjálfarar hafa þegar verið orðaðir við starfið. Skyfréttastofan segist hafa heimildir fyrir því að búið sé að hafa samband við Guus Hiddink og Avram Grant sem Chelsea rak í lok síðasta tímabils. Jafnvel er talið líklegt að báðir verði ráðnir.



**TÍMI TIL AÐ FARA** Scolari var frekar óvænt rekinn í gær. Ray Wilkins stýrir liðinu þar til nýr stjóri verður ráðinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Hiddink sem stjóri og Grant sem yfirmaður knattspyrnumála.

Einnig hafa nöfn Gianfranco Zola og Roberto Di Matteo verið nefnd og þá ekki síst af stuðningsmönnum félagsins sem vilja fá mann sem elskar félagið til að stýra því. **- hbg**



**TONY ADAMS** Gekk ekkert að stýra Portsmouth. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Breytingar hjá Portsmouth:

# Adams rekinn

**FÓTBOLTI** Portsmouth ákvað í gær að reka knattspyrnustjórann Tony Adams úr starfi.

Ákvörðunin kemur ekkert sérstaklega á óvart enda hefur hvorki gengið né rekið hjá félaginu síðan Adams tók við stöðunni af Harry Redknapp. Liðið hefur aðeins unnið tvo af þeim sextán leikjum sem Adams hefur stýrt liðinu í deildinni og þar af tapað sjö af síðustu átta.

Tony Adams sagðist reyndar vera hissa á þessari ákvörðun en Portsmouth segir ákvörðunina tekna vegna úrslita liðsins.

Unglingaþjálfarinn Paul Hart mun stýra liðinu á meðan félagið leitar að arftaka Adams.

Avram Grant, fyrrum stjóri Chelsea, er talinn líklegastur til að hreppa hnossið. Einnig hafa nöfn Alans Curbishley og Graeme Souness verið nefnd. **- hbg**



**BECKHAM** Verður hjá AC Milan að minnsta kosti mánuð í viðbót.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Framtíð Beckhams óljós:

# Galaxy hafnaði tilboði Milan

**FÓTBOLTI** LA Galaxy hafnaði fyrsta tilboði AC Milan í David Beckham.

„Við höfnuðum þessu tilboði og þurfum að binda enda á þennan sirkus," sagði Tim Leiweke, framkvæmdastjóri AEG, sem á Galaxy-félagið.

Beckham er í láni hjá Milan til 9. mars og vill gjarna vera lengur hjá félaginu.

„Það er auðvitað möguleiki að skoða það mál að lána Beckham út tímabilið. Þá þarf að koma gott tilboð svo félagið og stuðningsmenn þess verði ekki fyrir vonbrigðum," sagði Leiweke og bætti við að Beckham hefði ekki beitt félagið neinum þrýstingi vegna málsins.

„David hefur gert okkur ljóst að ef okkar ákvörðun er sú að fá hann til baka þá muni hann koma til baka. Hann mun heldur ekki verða eins svekktur með þá niðurstöðu og fjölmiðlar vilja vera láta," sagði Leiweke. - hbg

Eduardo hjá Arsenal:

# Mun spila með landsliðinu

**FÓTBOLTI Brasilíumaðurinn með króatíska ríkisfangið, Eduardo, mun spila með króatíska landsliðinu á morgun gegn Rúmeníu.**

**Eduardo fótbrotnaði á hræðilegan hátt fyrir ári og hefur ekki leikið með aðalliði Arsenal síðan. Hann hefur leikið tvo leiki með varaliði Arsenal.**

**Slaven Bilic, landsliðsþjálfari Króata, segir að Eduardo muni spila um hálftíma í leiknum.**

**„Það er frábært að fá hann aftur og hann er tilbúinn," sagði Bilic.** - hbg



**SHAUN WRIGHT PHILLIPS** Missti stjórn á skapi sínu um helgina.
NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Shaun Wright-Phillips:

# Á leið í þriggja leikja bann

**FÓTBOLTI** Shaun Wright-Phillips, leikmaður Man. City, var í gær dæmdur í þriggja leikja bann af aganefnd enska knattspyrnusambandsins. Hann mun missa af leikjum gegn Portsmouth, Liverpool og West Ham.

Rory Delap sparkaði Phillips niður í leik Man. City og Stoke um helgina. Phillips svaraði fyrir sig með því að sparka til Delaps. Dómari leiksins tók Delap af velli en sá ekki sparkið hjá Phillips.

Það náðist aftur á móti á sjónvarpsmyndavélar og þær voru notaðar til að setja Phillips í leikbann. - hbg

Úthlutað úr afrekssjóðum ÍSÍ í gær:

# Ásdís sú eina á A-styrk

**STYRKIR** ÍSÍ úthlutaði í gær rúmlega 46 milljónum króna í styrki til íþróttamanna. 37 milljónum var veitt úr afrekssjóði ÍSÍ og rúmlega 9 milljónum króna úr sjóði ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna.

Athygli vekur að aðeins einn íþróttamaður er á A-styrk hjá sambandinu en það er Ásdís Hjálmsdóttir spjótkastari. Hún fær tæpar 2 milljónir króna í styrk á árinu.

Átta íþróttamenn eru á B-styrk sem er rúm milljón á ári. Þar koma nýir inn Þormóður Árni Jónsson júdókappi, sleggjukastarinn Bergur Ingi Pétursson og Viktor Kristmannsson fimleikamaður.

Fyrir voru á B-styrk Baldur Ævar Baldursson og Jóhann Rúnar Kristjánsson hjá Íþróttasambandi fatlaðra, skíðakappinn Björgvin Björgvinsson og sundfólkið Jakob Jóhann Sveinsson og Ragnheiður Ragnarsdóttir.

A-landslið kvenna í knattspyrnu fékk hæsta styrkinn, eða 7 milljónir króna, vegna þátttöku sinnar í lokakeppni EM næsta sumar. - hbg



**EFNILEG** Spjótkastkonan öfluga, Ásdís Hjálmsdóttir, er eini íþróttamaðurinn sem kemst á A-styrk hjá ÍSÍ.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **Jason Alexander**

„Það var eintóm hamingja að mæta í vinnuna í þau níu ár sem við gerðum Seinfeld-þættina. Ég þarf ekki að hugsa mig tvisvar um ef mér byðst tækifæri til að vinna með því fólki aftur.“ Stöð 2 extra sýnir Seinfeld-þættina mánud. til fimmtud. og endursýnir þá á sunnudögum.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ANNA MARGRÉT BJÖRNSSON TELUR EUROVISION-KEPPNINA ÁBYRGA FYRIR CELINE DION

# *Miskunn, ei meir*

Eurovision hefur ætíð verið einhvers konar neyðarleg hátíð alls þess sem er lélegt við evrópska popptónlist. Keppni sem er svo gersneydd öllum tónlistarhæfileikum að það hlýtur að vera rannsóknarverkefni í mannfræði að skilja af hverju fólk glápir á þetta. Eins og flest önnur smálönd er Ísland auðvitað með Eurovision á heilanum og þrátt fyrir að vera í heljargreipum kreppu látum við það ekki stoppa okkur og höldum ótrauð áfram að senda okkar útgáfu af „Evrórusli“ í keppnina. Oft má hafa gaman af öllum herlegheitunum enda til dæmis hressandi að horfa á finnska þungarokkara í skrímslabúningum eða íturvaxnar úkraínskar söngkonur kyrja teknó-stríðssöngva í loðbikiníi. En Eurovision ber mikla ábyrgð á ýmiss konar skelfingu sem hefur dunið í eyrum okkar árum saman. Nefnum til dæmis ófríða fransk-kanadíska söngkonu sem heitir Celine Dion og vann keppnina fyrir Sviss árið 1988 með hinu sársaukafulla Ne Partez Pas Sans Moi, lagi sem skaut henni á topp vinsældalista



um heim allan af einhverjum gersamlega óútskýranlegum ástæðum. Dion hefur í kjölfarið samið einar leiðinlegustu ástarballöður allra tíma, meðal annars titillagið úr stórmyndinni Titanic. Í ár eru framlög Íslands til undankeppninnar í Laugardagslögunum svo svakaleg að botninum hlýtur gersamlega að vera náð. Það er merkilegt að fylgjast með því að litla Ísland, sem getur af sér þvílíkt magn af feikilega góðri tónlist skuli taka þessa keppni jafnalvarlega og við gerum. Að í stað þess að það sé góður þáttur á RÚV sem fjallar um alvöru íslenska tónlist sé enn og aftur verið að eyða sand af peningum í drasl.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.40 Káta maskínan** SKJÁREINN



▶ **20.00 Worst Week** STÖÐ 2



▶ **20.00 Yours, Mine and Ours** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.15 The O.C.** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.20 Dauðir rísa (Waking the Dead V)** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**16.00 Fréttaaukinn** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Bjargvætturin** (16:26)

**18.00 Latibær** (e)

**18.30 Út og suður** (2:3) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Mæðgurnar** (Gilmore Girls VII) (12:22) Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-ríki og dóttur hennar. Aðalhlutverk: Lauren Graham, Alexis Bledel, Keiko Agena og Yanic Truesdale.

**20.55 Staðgöngumóðir til sölu** (Rugemor til salg) Dönsk heimildarmynd.

**22.00 Tíufréttir**

▶**22.20 Dauðir rísa** (Waking the Dead V) (9:12) Breskur sakamálaflokkur um Peter Boyd og félaga hans í þeirri deild lögreglunnar sem rannsakar eldri mál sem aldrei hafa verið upplýst. Aðalhlutverk leika Trevor Eve, Sue Johnston, Félicité Du Jeu, Esther Hall og Wil Johnson.

**23.15 Hvarf Cape Wrath** (3:8) Breskur spennuflokkur með úrvalsleikurum. Fjölskylda flyst í smábæ undir fölsku nafni en það getur verið erfitt að flýja fortíðina. Aðalhlutverk leika David Morrissey, Lucy Cohu, Harry Treadaway og Felicity Jones. (e)

**00.05 Kastljós** (e)

**00.35 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Garfield 2**

**10.00 Revenge of the Nerds**

**12.00 Yours, Mine and Ours**

**14.00 In Good Company**

**16.00 Garfield 2**

**18.00 Revenge of the Nerds**

▶**20.00 Yours, Mine and Ours** Gamanmynd um ekkilinn Frank sem kynnist Helen. Hann á átta börn en hún tíu. Þau þurfa því að leysa úr mörgum vandamálum sem hið flókna fjölskyldulíf þeirra býður upp á.

**22.00 John Tucker Must Die**

**00.00 I‘ts a Boy Girl Thing**

**02.00 Straight Into Darkness**

**04.00 John Tucker Must Die**

**06.00 The Holiday**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Refurinn Pablo, Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (249:300)

**10.15 Wipeout** (1:11)

**11.00 Ghost Whisperer** (29:44)

**12.00 Grey's Anatomy** (12:17)

**12.45 Neighbours**

**13.10 Cheaper By The Dozen 2**

**14.40 Sjáðu**

**15.05 Flight of the Conchords** (11:12)

**15.30 Saddle Club**

**15.53 Tutenstein**

**16.18 Stuðboltastelpurnar**

**16.43 Ben 10**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Neighbours**

**17.58 Friends 2** (2:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (5:22) Hómer kemur sér í stórvandræði sem leiðir til þess að fjölskyldan þarf að flýja út á land. Þar hefur hún búskap og á í miklum erfiðleikum í fyrstu þar til Hómer finnur upp nýja tegund grænmetis sem er blanda af tómötum og tóbaki.

▶**20.00 Worst Week** (8:15) Gamanþættir sem fjalla um seinheppinn náunga sem upplifir verstu viku ævi sinnar þegar hann heimsækir tilvonandi tengdaforeldra sína til að tilkynna þeim að dóttir þeirra sé ólétt og að hann ætli að giftast henni.

**20.25 How I Met Your Mother** (5:20)

**20.50 Burn Notice** (10:13)

**21.35 Rescue Me** (9:13)

**22.20 The Daily Show: Global Edition**

**22.45 Auddi og Sveppi**

**23.15 Grey's Anatomy** (11:24)

**00.00 U.S. Seals II**

**01.30 Cheaper By The Dozen 2**

**03.05 Silent Witness** (6:10)

**04.00 Rescue Me** (9:13)

**04.45 How I Met Your Mother** (5:20)

**05.10 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Grindavík - KR** Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni.

**16.00 Grindavík - KR** Útsending frá leik í Iceland Express-deildinni.

**17.30 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bak við tjöldin.

**18.00 Þýski handboltinn** Hver umferð gerð upp. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**18.30 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**19.00 Cleveland - LA Lakers** Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.

**21.00 Atvinnumennirnir okkar** Í þessum fyrsta þætti fá áhorfendur að kynnast Loga Geirssyni sem leikur með Lemgo í Þýskalandi.

**21.40 PGA Tour 2009** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**22.35 Veitt með vinum 4** Að þessu sinni verður veitt í hinni skemmtilegu Vatnsá.

**23.05 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á AT and T Park í San Francisco.

**00.00 Noregur - Ísland** Útsending frá leik í undankeppni HM en íslenska liðið sýndi oft á tíðum frábæra takta á Ulleval.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**14.40 Sunderland - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.20 Man. City - Middlesbrough** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**19.00 West Ham - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 Tottenham - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 Premier League Review** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**23.15 Chelsea - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.40 Vörutorg**

**17.40 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.25 America's Funniest Home Videos** (6:48) (e)

**18.50 The Bachelor** (9:10) (e)

▶**19.40 Káta maskínan** (2:9) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn úr öllum krókum og kimum listalífsins.

**20.10 The Biggest Loser** (3:24) Bláa og rauða liðið halda áfram að púla með þjálfurum sínum og undirbúa sig fyrir keppni vikunnar. Nú er friðhelgi í húfi og liðin leggja allt í sölurnar til að léttast sem mest. Eftir allt púlið síðustu vikuna mæta bláa og rauða liðið til vigtunar og þar mætir líka hið leynilega svarta lið og kemur öllum á óvart.

**21.00 Top Design** (6:10) Ný, bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir innanhússhönnuðir keppa til sigurs. Í hverjum þætti þurfa þau að sýna og sanna færni sína og sköpunargáfu með hugmyndaríkri hönnun og frumleika.

**21.50 The Dead Zone** (9:12) Johnny gengur í sértrúarsöfnuð til að reyna að bjarga barni en kemst að því að höfuðstöðvarnar eru hlaðnar sprengiefni og hann verður að koma í veg fyrir uppgjör leiðtoga safnaðarins við alríkislögregluna áður en allt springur í háaloft.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 CSI** (4:24) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.50

### Burn Notice



Hraðir og hörkufyndnir spennuþættir í anda Bonds og Chucks sem hafa komið þægilega á óvart. Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda. Þetta þýðir að hann er orðinn atvinnulaus og einnig eftirsóttasta fórnarlamb helstu glæpamanna heimsins. Westen er staðráðinn í að finna þann sem lét útskúfa honum og til að ná endum saman gerist hann einkaspæjari í heimabæ sínum þar sem verkefnin geta orðið ansi ómerkileg fyrir „alvörunjósnara“.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Staðgöngumóðir til sölu

**Sjónvarpið kl. 20.55**

Dönsk heimildarmynd sem fjallar um það hvernig dönsk barnlaus pör hafa leitað uppi staðgöngumæður utan Danmerkur. Ófá börn hafa fæðst með þessum hætti undanfarin ár en staðgöngumæðurnar eru sóttar einkum til þróunarlanda og austurhluta Evrópu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Horfinn heimur - aldamótin 1900
**15.03** Útvarpssagan: Svörtu hestarnir
**15.30** Teddy Wilson tríóið leikur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.20** Fimm fjórðu
**23.07** Gatan mín
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (121:260)
**16.30 Hollyoaks** (122:260)
**17.00 Seinfeld** (2:5)
**17.30 Ally McBeal** (11:24)
**18.15 The O.C.** (8:27)
**19.00 Hollyoaks** (121:260)
**19.30 Hollyoaks** (122:260)
**20.00 Seinfeld** (2:5) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma. Þess má geta að höfundur þáttanna ásamt Jerry Seinfeld er Larry David úr Curb Your Enthusiasm.
**20.30 Ally McBeal** (11:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.
▶**21.15 The O.C.** (8:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**22.00 Men in Trees** (17:19) Indæli sambandssérfræðingurinn Marin Frist hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna, Jack, sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.
**22.45 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Hann fær góða viðmælendur í heimsókn og auk þess verður boðið upp á tónlistaratriði og ýmsar uppákomur.
**23.30 Auddi og Sveppi**
**23.55 The Lost Room** (2:6)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Yngvi Örn Kristinsson aðalhagfræðingur Landsbankans metur stöðuna fyrir fyrsta samráðsfund ríkistjórnarinnar og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.
**21.00 Ástvinanudd** Gunnar L. Friðriksson kennir áhorfendum að nudda sína nánustu. Fjórði og síðasti nuddþátturinn á þriðjudagskvöldum meðan við þreyjum þorrann.
**21.30 Á réttri leið** Þáttarstjórnandi er Katrín Júlíusdóttir þingkona Samfylkingarinnar. Hún ræðir um stöðu ríksstjórnarinnar.

## DR 1

**12.05** Aftenshowet 2 .del **12.40** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Spam **15.30** Braceface **15.55** Oggy og kakerlakkerne **16.00** Agent Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen **19.30** Fra opvasker til hotelkonge **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Beck. Advokaten **22.30** Livvagterne

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Walkabout **14.00** NRK nyheter **14.05** Par i hjerter **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Dora utforskeren **17.25** Travelbymysteriene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen **18.55** Landeplage **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.20** Extratrekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Mennene i mitt liv **00.20** Kulturnytt

## SVT 1

**12.05** Fråga doktorn **12.50** Mors Elling **14.10** Maggies nya liv **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Diplomaterna **16.25** Ella, fiskarjänta **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mästarnas mästare **20.00** Andra Avenyn **20.45** Intermission **22.30** Kulturnyheterna **22.45** Sommer **23.45** Sändningar från SVT24


Goran Superform
á 6 vikum



**GORAN SUPERFORM** er raunhæft heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun.

Tilgangur þess er að þú takir hröðum líkamlegum og huglægum framförum og stígir örugg en einföld skref til betri skilnings á eigin heilsu.

Þú kynnist nýjum möguleikum í matarvali, mat sem örvar fitubrennslu. Hvernig þú átt að glíma við matar- og sykurþörfina. Hvernig þú ferð að því að brenna meira og léttast.

**VILT ÞÚ:**

- Efla orku þína og komast í form?
- Léttast og bæta meltinguna?
- Styrkja ónæmiskerfi og heilbrigði?
- Koma jafnvægi á hormónana?
- Auka andlega vellíðan?
- Bæta minni og einbeitingu?

Fimm tímar í viku – brennsla – styrking – liðleiki.
Takmarkaður fjöldi.
Einkaráðgjöf og uppbygging hjá Goran.
Persónuleg næringarráðgjöf.
Ráðgjöf við matarinnkaup.
Fræðsla og eftirfylgni – 2 fyrirlestrar.
Frábær spennandi lífrænn matur.
Næringardrykkur í lok hvers tíma.
Slökun og herðanudd í pottum að æfingu lokinni, kl. 6:30, 7:30, 10:00, 12:00, 16:30 og 17:30.



Nýtt á Íslandi
Goran Superform
matartaska!

Nú getur þú tekið með mat, sem sniðinn er samkvæmt þinni orkuþörf, heim eftir hverja æfingu.

Goran útbýr matartösku sér hannaða fyrir þig sem tryggir hámarks árangur!

Skráðu þig strax í síma 578-8200
Námskeiðin byrja 16. febrúar

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | grandspa@grandspa.is

GrandSpa

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta á Hercules and Love Affair, Bonnie Prince Billy og Antony and the Johnsons.“*

Sara María Skúladóttir klæðskeri.

# Marteinn vann finnska Óskarinn

„Þetta er lygilegt, bara alveg frábært,“ segir handritshöfundurinn Marteinn Þórsson. Teiknimyndin Niko-leiðin til stjarnanna, kom sá og sigraði á finnsku kvikmyndaverðlaununum, Jussi. Hún var valin besta kvikmyndin, fyrsta teiknimyndin í sextíu ára sögu verðlaunanna. Marteinn skrifaði handritið að myndinni ásamt Hannu Tuomainen og voru þeir jafnframt hlutskarpastir í sínum flokki, fengu verðlaun fyrir besta handritið. Marteinn var viðstaddur hátíðina og líkir henni við Edduna. „Þetta er í raun finnski Óskarinn.“

Marteinn þurfti þó ekki að spreyta sig á hinu flókna finnska tungumáli því myndin er öll unnin fyrir enskan markað. Aðspurður hvernig það hafi komið til að hann skrifi fyrir finnska teiknimynd segir Marteinn að hann hafi unnið nokkur verkefni fyrir írska framleiðslufyrirtækið Magma. Það sé meðframleiðandi að myndinni og hafi fengið hann til að koma að handritsgerðinni.



**LANGAR AÐ LÆRA AÐ FLJÚGA** Hreindýrið Niko leitar föður síns sem hann heldur að dvelji hjá jólasveininum.

Söguþráður myndarinnar er á þá leið að hreindýradrengurinn Niko er sannfærður um að eitt af jólasveinahreindýrunum sé pabbi hans og ákveður að leggja upp í ferðalag til fjallsins þar sem jólasveinninn býr, finna föður sinn og láta hann kenna sér að fljúga.

Marteinn hefur verið búsettur á Írlandi um nokkurt skeið og skrifað handrit að fjölmörgum teiknimyndum, fyrir bæði Þýskalandsmarkað og Danmörku. Hann hefur næg járn í eldinum og er meðal annars að skrifa handrit að annarri teiknimynd sem mun að einhverju leyti byggja á ævintýrinu um dvergana sjö. **- jma**



**ÓTRÚLEGUR SIGUR** Marteinn, til hægri, og framleiðandi myndarinnar, Hannu Tuomainen, halda á Jussi-styttunni. Teiknimynd hefur ekki unnið verðlaunin Besta myndin frá upphafi verðlaunahátíðarinnar.



**LÁRÉTT**
**2.** ómskoðun, **6.** frá, **8.** forsögn, **9.** pili, **11.** fyrir hönd, **12.** rusl, 14. veldis, **16.** tveir eins, **17.** margsinnis, **18.** í viðbót, **20.** í röð, **21.** murra.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lengdareining, **3.** sjúkdómur, **4.** skynja, **5.** lík, **7.** sviptur veruleikaskyni, **10.** mánuður, **13.** sjáðu, **15.** málmur, **16.** þvottur, **19.** íþróttafélag.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ómun, **6.** af, **8.** spá, **9.** rim, **11.** pr, **12.** drasl, **14.** ríkis, **16.** tt, **17.** oft, **18.** auk, **20.** aá, **21.** urra.

**LÓÐRÉTT: 1.** yard, **3.** ms, **4.** upplifa, **5.** nár, **7.** firrtur, **10.** maí, **13.** sko, **15.** stál, **16.** tau, **19.** kr.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á síðu 8

1. Björg Thorarensen.
2. Jennifer Figge.
3. Vegna súrefnisskorts.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

## ÞÓRHALLUR HEIMISSON: SÆTT OG KRÚTTLEGT HJÁ FORSETAHJÓNUM

# Ástæðulausar áhyggjur af hjónabandi Ólafs og Dorritar

„Fyrsta hugsunin sem upp kemur er eiginlega sú að manni þykir eiginlega vænna um þau en áður,“ segir séra Þórhallur Heimisson sem hefur starfrækt hjónabandsráðgjöf um árabil eða allt frá því hann kom frá námi árið 1996.

Verulega athygli vakti í gær grein undir fyrirsögninni „Snjóbylur“ sem birtist í tímaritinu Portfolio, og má nálgast hana á portfolio.com, sem byggist að verulegu leyti á viðtali við forsetahjónin Ólaf Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff. Í greininni takast hjónin á og merkja má augljósan pirring þeirra á milli. Má líklega telja það einsdæmi á heimsvísu að þjóðhöfðingjahjón takist opinberlega á með þessum hætti. Þórhallur, sem er helstur sérfræðingur í hjónaböndum á Íslandi, segir, með fyrirvörum, þó að samkvæmt þessu sé ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því að hjónaband forsetahjónanna sé að steyta á skeri.

Greinin hefst á því að blaðamaður sækir þau hjón heim á Bessastaði. Meðan Ólafur Ragnar fer með ræðu sem hann virðist hafa farið með oftar en tölu verður á komið, um Björk og Óláf Elíasson, þá leiðist Dorrit augljóslega. Og grípur loks inn í, eftir að hafa leikið sér við hund þeirra, Sám, sem er blanda af íslenskum og þýskum fjárhundi, og segist hafa varað við efnahagshruninu fyrir margt löngu. Ólafur Ragnar bendir henni á að þetta megi ekki hafa eftir en hún segir „víst“. „Þú getur ekki sagt þetta,“ segir Ólafur og Dorrit svarar: „En ég sagði það nú samt.“ Blaðamaðurinn Joshua Hammer greinir frá því þegar hjónin karpa um þetta og fær tveimur dögum síðar símhringingu frá Dorrit þar sem hún segir að hann geti vel,



**ÓLAFUR OG DORRIT** Sennilega er einsdæmi að þjóðhöfðingjahjón takist á á opinberum vettvangi sem nú er raunin.

kæri hann sig um, haft allt eftir henni sem sagt var.

Víða er komið við í greininni sem unnin var í desember á síðasta ári. Hammer hittir Dorrit í London og þar segir Dorrit að Ólafur Ragnar sé barnalegur þegar viðskipti séu annars vegar. Og þau eigi fátt annað sameiginlegt en að tala bæði ensku og hafa gaman af því að fara á skíði. Sjálf segist hún gjarnan vilja hafa farið til að mótmæla en sér hafi verið bannað það af eiginmanni sínum. Og þetta sé því svipað og að vera giftur araba.

Þórhallur segir þetta bera dám af ástandinu, eldri hjón í hremmingum. „Hann er að leiðrétta hana og hún hann eins og hjón gera: Æi, Óli minn, reyndu nú að átta þig á þessu. Svo endar þetta á því að þau eru á einhverjum tónleikum sem henni greinilega drepleiðist. En hún blikkar blaðamanninn og tekur í hönd Ólafs. Annars er þessi grein ágæt úttekt á því hvers konar blindu forsetinn hefur verið sleginn sem við öll,“ segir Þórhallur. Og telur enga ástæðu til að hafa áhyggjur af hjónabandinu miðað við þessa grein. Það sé heiðarlegt og heilbrigt að ræða um málin frekar en að loka þau af.

**jakob@frettabladid.is**



**SÉRA ÞÓRHALLUR HEIMISSON** Segir greinina ekki kalla á áhyggjur af sambandi þeirra hjóna enda betra að tala út en loka ágreining inni.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

**Símon Birgisson** listfræðinemi þykist hafa sýnt sig í að hafa meira nef fyrir vendingum í Seðlabankanum en gengur og gerist. Og hrósar happi því hann bauð upp á veðmál á Facebook-síðu sinni – lagði undir bjórkippu – að Davíð Oddsson myndi ekki fara úr Seðlabankanum þrátt fyrir tilmæli Jóhönnu Sigurðardóttur þar um. Leikarinn **Rúnar Freyr Gíslason** stökk til og veðjaði á móti en Rúnar Freyr hefur löngum verið talinn mikill stuðningsmaður Davíðs og mikill vinur Gísla Marteins Baldurssonar. Og þá blandaði sér einnig í leikinn **Steinunn Valdís Óskarsdóttir**, fyrrum borgarstjóri og þingmaður, og taldi Davíð á förum en Símon vissi lengra en nef hans nær.







**Páll Óskar Hjálmtýsson** er sjaldan fjarri góðu gamni þegar Eurovision er annars vegar. Næstkomandi laugardagskvöld verður hann með tónleika á Nasa ásamt kvennasveitinni Elektru. Og þá verður hann gæinn í „græna herberginu“ fyrir RÚV og fjallar um forkeppnina sem sá sérfræðingur sem hann er meðan Euruvision-drottningarnar Eva María Jónsdóttir og Ragnhildur Steinunn verða á stóra sviðinu. **- jbg**





Í Markaðnum á morgun

**RÝNT Í ÁBYRGÐIR ÞJÓÐA VEGNA INNSTÆÐUTRYGGINGA.**

**ÞÁTTATEKJUR TEKNAR FYRIR Í ORÐSKÝRINGU.**

**JOSEPH E. STIGLITZ FJALLAR UM KREPPUNA.**

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

# Norðrið stofnað í Þýskalandi

Ákveðið hefur verið að stofna íslenskan tónlistarklúbb í Þýskalandi sem nefnist Norðrið. Markmiðið er að styðja við bakið á íslenskum tónlistarmönnum og hljómsveitum sem eru að hasla sér völl í Þýskalandi.

Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar (Útón), Höfuðborgarstofa, Iceland Express og Admirals Palast-leikhúsið, sem Helgi Björnsson rekur, standa að verkefninu. „Hugmyndin er búin að vera að fæðast í nokkurn tíma. Iceland Express komu til okkar og spurðu hvernig samstarf við gætum búið til. Við förum þá að tala við tónleikahaldara í Þýskalandi um hvernig svona hugmynd gæti virkað,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir hjá Útón. „Þýskaland hefur verið að eflast mjög sem markaður fyrir íslenska tónlist. Margir íslenskir tónlistarmenn eru komnir á mála hjá útgáfufyrirtækjum í Þýskalandi eða eru með þýska umboðsmenn og bókunarskrifstofur. Það er því rétti tíminn fyrir Útón að beina athygli sinni þangað,“ segir hún. Hún segir aðstoð Helga Björnssonar við verkefnið skipta miklu máli. „Hann er reynslubolti og er í tengslum við markaðinn í Þýskalandi. Við höfum þróað þessa hugmynd með fimm aðilum í Þýskalandi, fjórum Þjóðverjum og Helga,“ segir Anna Hildur. Helgi segir mikinn áhuga á íslenskri menningu í Berlín, ekki síst í tónlistinni. „Fjölmargir íslenskir listamenn starfa hér og borgin er sífellt að verða vinsælli áfangastaður íslenskra háskólanema í skiptinámi,“ segir hann.



**HELGI BJÖRNSSON** Helgi, sem rekur Admirals Palast í Berlín, hefur aðstoðað Útón við stofnun nýs tónlistarklúbbs í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skipulögð verður tónleikaröð á tónlistarklúbbum í nokkrum borgum í Þýskalandi. Fyrir utan Admirals Palast í Berlín er þegar búið að koma á samstarfi við virta tónleikahaldara í Köln og Hamborg. Stefnt er að því að ná sambærilegum samningum í þremur borgum til viðbótar. Lay Low ríður á vaðið og opnar Norðrið formlega með tónleikum í Þýskalandi í mars. **- fb**

# Toppaðu með




# NORÐUR

**Kíktu á kynningarfundinn á morgun kl. 20:00 í húsakynnum 66° Norður, Faxafeni 12.**

66° Norður og Íslenskir Fjallaleiðsögumenn þjálfa þig til að komast á toppinn á Hvannadalshnúk í byrjun júní. Boðið verður upp á æfingadagskrá þar sem hópurinn hittist einu sinni í viku til æfinga og undirbúnings. Nokkrar helgar fer hópurinn saman á hærri fjöll s.s. Heklu, Skarðsheiði og Eyjafjallajökul.

Nánari upplýsingar á www.66nordur.is og www.fjallaleidsogumenn.is

66° NORÐUR

ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is
Opið sjö til tvö
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Gamansögur kreppunnar*

Hvernig er stemningin heima?“ spurði félagi minn mig um daginn en sá hinn sami hefur verið við nám erlendis undanfarin misseri. Bara prýðileg, svaraði ég og setti broskarl fyrir aftan þá fullyrðingu, svona til að leggja enn frekari áherslu á orð mín en án árangurs. Hann fór að spyrja um ástandið. Vitanlega neyddist ég til að segja honum að kreppuöldur tröllriði hér öllu. Svo þungt væri yfir landi og lýð að svo virtist sem Þorvaldur Gylfason væri orðinn boðberi bjartsýni hér á landi. Enginn virtist ósnortinn af ástandinu og jafnvel virtist sem sumir hefðu smitast af fórnarlambablæti Björgólfs Guðmundssonar.

**EN** fátt væri svo með öllu illt að ekki boðaði eitthvað gott. Í raun hefðu samræður og samskipti aldrei verið kómískari og einmitt núna. Án kreppunnar hefði ég aldrei orðið þess aðnjótandi að heyra skýringar Ingva Hrafns á því hvers vegna nýja ríkisstjórnin sé ómöguleg, honum þyki Ögmundur nefnilega algjör kommúnisti og Jóhanna ógisslega leiðinleg. Áhyggjuorð Bjarna Ben um að ríkisstjórnarviðræður Vinstri grænna hefðu tafið framgang mikilvægra málefna hljóma enn sem tónlist í eyrum þeirra sem vita að sjálfstæðismönnum þótti liggja mest á að leggja enn eitt frumvarpið eftir Sigurð Kára um breytingar á áfengislöggjöf eftir jólafrí. Skammir ungs sjálfstæðisfólks yfir óheftu tjáningarfrelsi listamanna hafa líka talsvert skemmtanagildi. Bréf seðlabankastjóra og skammir yfir rangri notkun á bréfsefni voru svo kærkomin viðbót ofan á allt annað auk dramatískra frásagna af píslum Ólafs Klemenssonar, alþýðuhetju íhaldsins, í baráttu við djöfulóða mótmælendur. Reyndar kysu samt vinstri sinnaðar mæður að hræða börn sín með frásögnum af Óla. Sagnahefðin væri við góða heilsu hér á landi sem endranær.

**SKEMMTUNIN** sem vandræðaleg fyrstu skref sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu hafa vakið með mér varð þó svolítið tragíkómísk þegar sonur minn á sjötta ári útlistaði skoðanir sínar á landspólitíkinni fyrir mér um helgina. „Mamma, ég vil að gamla ríkisstjórnin komi aftur og að Davíð stjórni alltaf.“ Við þessi orð drengsins rann þrennt upp fyrir mér. Í fyrsta lagi er augljóst að drengurinn hefur varið miklum tíma með afa sínum í Garðabæ. Í öðru lagi virðist sem sumum sé í blóð borið að elska leiðtogann. Og í þriðja lagi sá ég að jafnvel lítil börn átta sig á því að í raun hefur Davíð aldrei farið frá völdum hér á landi og virðist ekki ætla að gera það í bráð.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 10. febrúar, 41. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.39 | 13.42 | 17.46 |
| Akureyri | 9.33 | 13.27 | 17.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


